

Skýrsla

um starfsemi

Hafrannsóknastofnunarinnar 1997



Skýrsla

um starfsemi
Hafrannsóknastofnunarinnar 1997

Kápu mynd: Fjölsýnaháfi af Multinet-gerð
slakað út frá rannsóknaskipi
(ljósmynd Ástþór Gíslason).

Hafrannsóknir – 53. hefti

Útgefandi:
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagötu 4, Reykjavík

Ritstjórn:
ÁSTÞÓR GÍSLASON
EIRÍKUR Þ. EINARSSON
GUNNAR JÓNSSON

ISSN 0258 – 381X

REYKJAVÍK
HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
1998

Prentvinnsla: Prentsmiðja Hafnarfjarðar ehf.

Efnisyfirlit

Contents

| | |
|--|----|
| Formáli <i>Forewords</i> | 5 |
| Hafrannsóknastofnunin 1997 <i>Marine Research Institute 1997</i> | 9 |
| Stjórn og starfsmenn <i>Board of Directors and Staff</i> | 9 |
| Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar <i>Research Activities</i> | 13 |
| Sjó- og vistfræðisvið <i>Div. of Oceanography and Ecology</i> | 13 |
| Eðlisfræði | 13 |
| Efnifræði | 17 |
| Jarðfræði | 17 |
| Plöntusvif | 19 |
| Dýrasvif | 21 |
| Botndýr | 26 |
| Sjófuglar | 28 |
| Nytjastofnasvið <i>Div. of Marine Stocks and Fisheries</i> | 30 |
| Humar | 30 |
| Rækja | 30 |
| Hörpudiskur | 33 |
| Kúfiskur | 33 |
| Beitukóngur | 34 |
| Ígulker | 34 |
| Síld | 34 |
| Loðna | 36 |
| Þorskur | 37 |
| Ýsa | 42 |
| Karfi | 43 |
| Hrognkelsi | 46 |
| Flatfiskar | 48 |
| Langa, blálanga og keila | 50 |
| Djúpfiskar | 51 |
| Nýjar og sjaldséðar fisktegundir | 52 |
| Fiskseiði | 52 |
| Fjölstofnarannsóknir | 55 |
| Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum | 56 |

| | |
|---|-----|
| Hvalarannsóknir | 58 |
| Veiðarfærarannsóknir | 63 |
| Reiknideild <i>Modelling Division</i> | 63 |
| Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar <i>Branch Laboratories</i> | 65 |
| Rekstraryfirlit 1997 <i>Operating Summary 1997</i> | 73 |
| Rekstrarreikningur 1997 <i>Operating Expenses 1997</i> | 74 |
| Ágrip á ensku <i>English Summary</i> | 76 |
| Rannsóknáætlanir <i>Research Projects</i> | 84 |
| Leiðangrar <i>Cruises</i> | 90 |
| Ritgerðir <i>Publications</i> | 99 |
| Erindi <i>Lectures</i> | 108 |
| Ráðstefnur, fundir og kynnisferðir <i>Participation in Meetings</i> | 111 |
| Umræðufundir <i>In-house Meetings</i> | 117 |
| Útgáfurit Hafrannsóknastofnunarinnar <i>Publications of the MRI</i> | 118 |
| Minningarorð <i>Obituaries</i> | 120 |

Formáli

Forewords

Starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar árið 1997 var með hefðbundnum hætti. Sem fyrr var mikil vinna lögð í úttekt á helstu nytjastofnum á Íslandsmiðum. Þeirri úttekt lauk í maí 1997 og var skýrsla stofnunarinnar lögð fram 26. maí en þá hafði einnig lokið umfjöllun Alþjóða-hafrannsóknaráðsins um flesta helstu nytjastofna hér við land.

Farið var í stofnmælingu botnfiska í 13. sinn í marsmánuði og voru til þess leigðir fjórir togarar. Teknar voru um 540 togstöðvar á landgrunninu allt umhverfis landið niður á 500 metra dýpi. Þá var farið í annað sinn í langtímaverkefnið „Stofnmæling hrygningarporsks með þorskanetum“ sem í daglegu tali gengur undir heitinu „netarall“. Leiðangrar vegna þessa verkefnis voru farnir í mars og apríl 1997. Leigðir voru fimm yfirbyggðir netabátar með fullri áhöfn en þrír starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar voru á hverjum báti. Athafnasvæðið náði frá Bjargtöngum á Vestfjörðum að Hvítungum á Suðausturlandi. Við veiðarnar voru notuð net með mismunandi möskvastærðum (6, 7, 8 og 9 tommur). Hver bátur var með um 120 net sem voru lögð og dregin nokkrum sinnum. Heildarfjöldi stöðva var 221 og umvitjanir neta 2.820. Heildarafli yfir allt svæðið var um 680 tonn en 550 tonn árið 1996 og hafði því aukist um 24% á milli ára. Meðalafli á net jókst einnig úr 196 kg á net 1996 í 241 kg á net sem er um 23% aukning.

Á árinu var farið í „Stofnmælingu botnfiska að hausti“ í annað sinn. Meginmarkmiðið er að meta stærð botnlægra fiskstofna einkum grálúðu, djúpkarfa, gullkarfa og þorsks, og treysta með því þann vísindalega grundvöll sem fiskveiðiráðgjöfin byggir á. Auk rannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar var togarinn Brettingur NS leigður til verksins. Í leiðangrinum 1997 voru teknar um 300 stöðvar umhverfis landið niður á 1.500 metra dýpi og að miðlinu milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar.

Síldarrannsóknunum í Austurdjúpi var haldið áfram á árinu 1997 til að kanna ætisgöngur norsk-íslenska síldarstofnsins. Niðurstöður rannsóknanna urðu þær að norsk-íslenska síldin hélt sig við austurjaðar Austur-Íslandsstraumsins vorið 1997 og að mestu utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Mælingar á íslensku sumargotssíldinni gengu erfiðlega og mun minna mældist af þeim stofni en búist hafði verið við.

Mælingar á loðnustofninum voru gerðar við mjög erfið veðurskilyrði í nóvember 1997.

Niðurstöður seiðarannsóknna urðu þær að meira fannst af þorskseiðum í ágústmánuði 1997 en mörg undanfarin ár og í raun var þetta þriðja hæsta vísitala sem fengist hefur frá upphafi þessara rannsókna árið 1970.

Stofnmæling rækju á djúpslóð gekk einnig vel og var afli á togtíma með hæsta móti.

Rannsóknnum á hrygningu og klaki þorsks var haldið áfram á árinu 1997. Áhersla var lögð á úrvinnslu og samantekt gagna á þessu ári. Tekin voru saman gögn um áhrif stærðar, aldurs og ástands hrygna á stærð og lífslíkur eggja og lirfa. Lokið var við gerð líkans er lýsir tengslum á milli samsetningar hrygningarstofns og nýliðunar.

Á árinu 1997 var unnið áfram að verkefninu „Veturseta og vorkoma rauðátu“. Farnir voru þrír leiðangrar vegna þessara rannsókna, sem allir tókust mjög vel. Athuganir á vetursetu rauðátu hafa aldrei áður farið fram hér við land og raunar eru til mjög fáar sambærilegar athuganir frá öðrum hafsvæðum, m.a. þess vegna eru þessar rannsóknir mikilvægar.

Í ársbyrjun 1997 hófust rannsóknir á árstíðabreytingum rauðátu á hrygningarslóðinni fyrir sunnan land. Markmið verkefnisins er að rannsaka lífsferil rauðátu og hvernig hann tengist árstíðabreytingum í umhverfisþáttum (hita og seltu) og þörungavexti. Rannsóknasvæðið var skammt austan við Vestmannaeyjar og á árinu voru farnir alls 25 leiðangrar vegna verkefnisins, langflestir á rannsóknabáti útibúsins í Vestmannaeyjum.

Í ársbyrjun 1997 hófst nýtt hafrannsóknaverkefni sem styrkt er af Evrópusambandinu. Um er að ræða samstarfsverkefni 18 rannsóknastofnana í níu löndum (Þýskalandi, Noregi, Bretlandi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum, Ítalíu og Íslandi). Á íslensku hefur þetta verkefni verið nefnt „Búskapur og breytileiki í Norðurhöfum“ en á ensku heitir það „Variability of exchanges in the Northern Seas“ skammstafað VEINS. Megináhersla er lögð á strauma og sjógerðir í útjöðrum Norðurhafsráðs frá Færeyjum og Noregi í suðri til Barentshafs og Framsunds í norðri og þaðan aftur suður um Grænlandssund og Íslandshaf. Rannsóknaveitvangur Hafrannsóknastofnunarinnar er í Grænlandssundi (Irminger-straumur, Austur-Grænlandsstraumur, botnstraumar) og austur af Íslandi (Austur-Íslandsstraumur).

Á árinu 1997 gaf Hafrannsóknastofnunin út rit um fjölstofnarannsóknir, þar sem eru 33 vísindaritgerðir um þetta efni. Bókin er 410 bls.

Árið 1997 voru 2.358 þorskar merktir með hefðbundnum merkjum þar af voru 269 einnig merktir með rafeindamerkjum.

Með bréfi dagsettu 14. janúar 1997 fól sjávarútvegsráðherra Hafrannsóknastofnuninni að hefja undirbúning að kaupum eða smíði á nýju

hafrannsóknaskipi. Hönnunarvinnu lauk í lok september og var smíðin síðan boðin út á vegum Ríkiskaupa. Nýja skipið verður 70 metra langt og 14 metra breitt og verður dísilrafknúíð. Það verður smíðað í skipasmíðastöðinni Asmar í Chile. Gert er ráð fyrir að skipið verði afhent Hafrannsóknastofnuninni um mitt ár 1999.

Úthaldstími rannsóknaskipanna 1996 og 1997 var sem hér segir:

| Skip | Úthaldsdagar | |
|-------------------------|--------------|------|
| | 1996 | 1997 |
| Bjarni Sæmundsson | 175 | 194 |
| Árni Friðriksson..... | 184 | 150 |
| Dröfn | 147 | 163 |
| Samtals | 506 | 507 |

Samtals voru þetta 506 dagar árið 1996 en 507 dagar árið 1997. Til skipaútgærdar árið 1997 var varið 38% af heildarkostnaði við rekstur stofnunarinnar. Árið 1996 var þetta hlutfall 36%.

Hafrannsóknastofnunin 1997

Marine Research Institute 1997

Stjórn

Board of Directors

Brynjólfur Bjarnason, formaður (*Chairman*).
 Bjarni Grímsson.
 Eiríkur Tómasson.
 Björn Æ. Steinarsson.
 Sævar Gunnarsson.
 Ari Edwald, ritari stjórnar.

Starfsmenn

Staff

YFIRSTJÓRN Administration

Jakob Jakobsson, forstjóri (*Director*).

Jóhann Sigurjónsson, aðstoðarforstjóri (*Assistant Director*) (í leyfi frá störfum).
 Vignir Thoroddsen, aðstoðarforstjóri (*Assistant Director*).

SKRIFSTOFA Office Staff

Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi.
 Sigurborg Jóhannsdóttir, fulltrúi.
 Eydís Cartwright, fulltrúi (50%).
 Helena Svavarsdóttir, fulltrúi (50)
 Elín Sæmundsdóttir, kaffikona (50).

Jón Þ. Þór, sagnfræðingur.

SJÓ- OG VISTFRÆÐISVIÐ Div. of Oceanography and Ecology

Ólafur S. Ástþórsson, forstöðumaður (*Head of Division*).

Sérfræðingar (*Scientists*): Ástþór Gíslason, Björn Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir (70%)
 Guðrún Marteinsdóttir, Héðinn Valdimarsson, John Mortensen, Jón Ólafsson, Karl
 Gunnarsson, Kristinn Guðmundsson, Magnús Danielsen, Stefán Áki Ragnarsson,
 Svend-Aage Malmberg.

Rannsóknamenn (*Assistants*): Aðalbjörg Jónsdóttir, Agnes Eydal, Anna Rósa Böðvars-

dóttir, Avan Anwar Faraj, Gróa Pétursdóttir, Guðmundur S. Jónsson, Halldóra Skarphéðinsdóttir, Hildur Pétursdóttir, Jóhannes Briem, Jóna Vigdís Haraldsdóttir, Kristín Harðardóttir, Kristín J. Valsdóttir, Sólveig Rósa Ólafsdóttir, Tómas Gíslason, Þór Hreiðar Ásgeirsson, Þórey Ingimundardóttir.

Gunnar Örn Stefánsson, Jón Már Halldórsson, Kjartan Thors og Margrét Ágústa Jóhannsdóttir unnu hluta úr árinu.

Konráð Þórisson (sérfr.) er í leyfi frá störfum.

NYTJASTOFNASVIÐ *Div. of Marine Stocks and Fisheries*

Hrafnkell Eiríksson, forstöðumaður (*Head of Division*).

Sérfræðingar (*Scientists*): Anton Galan, Anna K. Daníelsdóttir, Björn Björnsson, Björn Æ. Steinarsson, Droplaug Ólafsdóttir, Einar Hjörleifsson, Einar Jónsson, Gísli A. Víkingsson, Guðni Þorsteinsson (andaðist á árinu), Guðrún G. Þórarinsdóttir (70%), Gunnar Jónsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Jakob Magnússon, Jónbjörn Pálsson, Kristján Lillien-dahl, Ólöf Dóra Jónsdóttir, Sigfús A. Schopka, Sigmar A. Steingrímsson, Sigurður Þ. Jónsson, Sólmundur T. Einarsson, Sveinn Sveinbjörnsson, Unnur Skúladóttir, Vilhelmlína Vilhelmsdóttir, Vilhjálmur Þorsteinsson, Þorsteinn Sigurðsson.

Rannsóknamenn (*Assistants*): Albert Stefánsson, Ásgeir Gunnarsson, Birgir Stefánsson, Einar Ásgeirsson, Gerður Pálsdóttir, Gísli Ólafsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Guðmundur Skúli Bragason, Helga Skúladóttir (60%), Hrefna Einarisdóttir, Hrefna Berglind Ingólfsdóttir, Hörður Andrésson, Inga F. Egilsdóttir, Jóna Björk Jónsdóttir, Klara Björk Jakobsdóttir, Kristján Kristinsson, Magnús Ástvaldsson, Margrét Thorsteinson, Páll Svavarsson, Sigfús Jóhannesson, Sigrún Jóhannsdóttir (50%), Sigurður Gunnarsson, Stefán Brynjólfsson, Steinunn Linda Jónsdóttir, Steinunn Viðarsdóttir (50%), Svanhildur Egilsdóttir (50%), Sverrir D. Halldórsson, Sæunn Erlingsdóttir, Valgerður Franklinsdóttir (50%), Valur Bogason, Þórður Viðarsson.

Birgir Stefánsson, Björn Knúttson, Eyþór Þórðarson, Haraldur Einarsson, Hlín Kristbergisdóttir, Jóhannes Guðmundsson, Karin Frida Ejendal, Lárus Pálsson, Lilja Huld Theodórsdóttir, Magnús Freyr Ólafsson, Njáll Eysteinnsson, Ragnar Freyr Rúnarsson, Sigurður Arnór Hreiðarsson og Sævar Helgason unnu hluta úr árinu.

Ólafur K. Pálsson (sérfr.) er í leyfi frá störfum.

REIKNIDEILD *Modelling Division*

Gunnar Stefánsson, forstöðumaður (*Head of Division*).

Sérfræðingar (*Scientists*): Ásta Guðmundsdóttir (50%), Ewin David Bell, Gunnar Pétursson, Höskuldur Björnsson, Þorleifur Óskarsson.

Fulltrúar (*Assistants*): Svala Erlendsdóttir, Þorbjörg Steins Gestsdóttir (60%).

Árni Magnússon, Brynjólfur Gísli Eyjólfsson, Ingileif Hallgrímsdóttir, Jenný Brynjarsdóttir, Jóhanna Erlingsdóttir og Þórunn Sigurbjörnsdóttir unnu hluta úr árinu.

RAFTÆKNIDEILD *Department of Electronics*

Sigurður Lýðsson, deildarstjóri (*Head of Department*).

Páll Reynisson, yfirverkfræðingur.

Björn Sigurðsson, rafeindavirki.

Þorgrímur Baldursson, rafeindavirki.

Jón Jónsson tækni-fræðingur vann hluta úr árinu.

BÓKASAFN *Library*

Eiríkur Þ. Einarsson, deildarstjóri (*Head Librarian*) (50%).

Sigurlína Gunnarsdóttir, bókasafnsfræðingur (50%).

VEIÐARFÆRAVERKSTÆÐI *Fishing Gear Workshop*

Rafn Ólafsson, umsjónarmaður.

Þorsteinn Guðnason, verkstjóri.

Jónas Sigurðsson, verkamaður.

HÚSVÖRÐUR *Janitor*

Sverrir Sigurjónsson.

TILRAUNAELDISSTÖÐ *Aquaculture Research Station*

Matthías Oddgeirsson, stöðvarstjóri (*Head of Station*).

Sérfræðingur (*Scientist*): Agnar Steinarsson.

Rannsóknamenn (*Assistants*): Ellert Guðmundsson, Njáll Jónsson.

Eiríkur Andri Gunnarsson vann hluta úr árinu.

ÚTIBÚIIN *Branch Laboratories*

Ólafsvík: Jón Sólmundsson, útíbússtjóri.

Ísafjörður: Hjalti Karlsson, útíbússtjóri.

Akureyri: Steingrímur Jónsson, útíbússtjóri.

Sérfræðingur (*Scientist*): Jón Örn Pálsson.

Rannsóknamenn (*Assistants*): Erlendur Bogason (80%) og Örn Guðnason (50%).

Hreiðar Þ. Valtýsson vann hluta úr árinu.

Höfn: Reynir Njálsson, útíbússtjóri.

Vestmannaeyjar: Hafsteinn Guðfinnsson, útíbússtjóri.

ÁHAFNIR RANNSÓKNASKIPANNA *Crew of the Research Vessels*

Bjarni Sæmundsson RE 30:

Ingi Lárusson, skipstjóri.

Guðbjartur Gunnarsson, yfirstýrimaður.

Árni Sverrisson, stýrimaður.

Bjarni Sveinbjörnsson, yfirvélstjóri.
 Sveinn Kristinsson, vélstjóri.
 Guðjón Magni Einarsson, vélstjóri.
 Bjarni Sveinsson, bryti.
 Reynir Loftsson, 2. matsveinn.
 Sigurður Guðmundsson, 2. matsveinn.
 Brynjólfur M. Þorsteinsson, bátsmaður.
 Guðmundur Sigurðsson, netamaður.
 Alfreð Guðmundsson, netamaður.
 Stefán Valtýsson, netamaður.
 Jón Marteinn Guðröðsson, netamaður.
 Grétar Lárusson, háseti.
 Leifur Eggert Vigfússon, háseti.
 Guðmundur Þ. Sigurðsson, vann hluta úr árinu.

Árni Friðriksson RE 100:

Guðmundur Bjarnason, skipstjóri.
 Guðmundur Þórðarson, yfirstýrimaður.
 Ingvi Friðriksson, stýrimaður.
 Jóhann Ágústsson, yfirvélstjóri.
 Guðmann Sveinsson, vélstjóri.
 Sigurður K. Sigurðsson, vélstjóri.
 Gunnlaugur Sigurðsson, matsveinn.
 Sigurdór Friðjónsson, bátsmaður.
 Guðmundur J. Guðmundsson, netamaður.
 Heiðar Marteinnsson, háseti.
 Jörundur Bjarnason, háseti.
 Hafþór Júlíusson, háseti.

Dröfn RE 35:

Gunnar Jónsson, skipstjóri.
 Ragnar G. D. Hermannsson, yfirstýrimaður.
 Karl Einarsson, stýrimaður.
 Snorri W. Sigurðsson, yfirvélstjóri.
 Reynir Baldursson, vélstjóri.
 Gunnar Ingi Guðmundsson, vélstjóri.
 Elís Heiðar Ragnarsson, matsveinn.
 Guðmundur Einarsson, bátsmaður.

VAKTMENN Watchmen

Kristján Kristjánsson.
 Ólafur G. Hjartarson.
 Rudolf Svend Midjord.
 Sigurður Valgarðsson.

Rannsóknir

Hafrannsóknastofnunarinnar

Research Activities

Sjó- og vistfræðisvið

Div. of Oceanography and Ecology

ÆDLISFRÆÐI

Ástand sjávar

Á árinu 1997 var ástand sjávar á Íslandsmiðum kannað á mismunandi árstímum að venju. Mælingarnar fóru fram í vetrarleiðangri í febrúar, vorleiðangri í maí-júní, seiðaleiðangri í ágúst-september og loks í sjórannsóknaleiðangri í nóvember-desember.

Veturinn 1997 reyndist sjávarhiti fyrir sunnan land vera í góðu meðallagi (5-7°C) og seltan var hækkandi miðað við árin á undan (35,15). Hlýsjávar að sunnan gætti fyrir Vestfjörðum (3-4°C) en lítt fyrir Norðurlandi. Þar ríkti svalur vetrarsjór (1-3°C). Fyrir Austurlandi var hitastigið svipað og fyrir norðan. Skilin við kaldan sjó Austur-Íslandsstraums norður og norðaustur af landinu voru þó tiltölulega langt undan. Um vorið og sumarið var hiti og selta fyrir Suður- og Vesturlandi hærri en árin á undan (6-8°C; 35,15-35,20) og innstreymi hlýsjávar á norðurmið náði austur undir Siglunes. Að vísu var seltulftill sjór að norðan í yfirborðslögum. Fyrir Austurlandi var hitastig um vorið og sumarið einnig tiltölulega hátt, en utar höfðu áhrif Austur-Íslandsstraums aukist frá því um veturinn, en þar gætti mikillar upphitunar í yfirborðslögum fram eftir sumri (7-8°C). Í nóvember-desember voru áhrif selturíks hlýsjávar að sunnan enn mikil fyrir Suður- og Vesturlandi (8-9°C; 35,20) og á norðurmiðum voru áhrif hlýsjávarins einnig mikil (6-7°C; >35,00). Lengra frá landi hafði kaldur Austur-Íslandsstraumur hörfað frá því í ágúst-september.

Heildarniðurstöður sjórannsóknna 1997 sýna þannig almennt gott ástand í sjónum allt í kringum landið.

Þær athuganir sem greint er frá hér fyrir framan eru liður í langtímarannsóknnum og nýtast gögnin í mörgum verkefnum. Þau voru til dæmis nýtt í ritgerðum sem kynntar voru á ársfundi Alþjóðahafrann-



1. mynd. Broshýrir rannsóknamenn. Frá vinstri Tómas Gíslason, Anna Rósa Bøðvarsdóttir, Elena Guijarro, Hildur Pétursdóttir.

sóknaráðsins um norsk-íslensku síldina, seiðarannsóknir, tengsl Íslands-miða við straumakerfi nyrst í Norður-Atlantshafi og ástand sjávar í Norður-Atlantshafi. Þá voru niðurstöðurnar einnig nýttar á fundi sérfræðinga á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins í Kaupmannahöfn í september, þar sem fjallað var um sveiflur í veðurfræði lofts og lagar, en fulltrúi frá Hafrannsóknastofnuninni sótti fundinn.

Að lokum skal þess getið að áfram var unnið að því að gera langtímagögn sjórannsóknna aðgengileg þannig að þau nýtist sem flestum. Það verkefni er m.a. styrkt af Lýðveldissjóði.

Hafrannsóknir í Norðurhafi (GSP)

Á árinu 1997 var unnið að eftirfarandi verkefnum sem byggð eru á gögnum frá GSP-rannsóknunum 1987-91:

1. Úrvinnsla straummælingagagna frá vestanverðu Íslandshafi. Verkið var unnið í samvinnu við þýska starfsbræður á Alfred Wegener stofnuninni í Bremerhaven. Ritgerð er í vændum og einnig birtist úrdráttur um efnið, sem var lagður fram á fundi í Hamborg um hafrannsóknir í Norðurhafi á vegum Evrópusambandsins (VEINS).
2. Efniviður úr GSP-rannsóknunum var nýttur í doktorsritgerð við Háskólann í Kaupmannahöfn. Ritgerðin fjallar um sjávarhæðarmælingar með gervitunglum og hafstrauma á víðáttumiklu svæði umhverfis Ísland.

3. Ritgerð um mismunandi tímasetningu lóðréttrar blöndunar eða djúpsjávarmyndunar í Norður-Grænlandshafi (áttundi áratugur) og í Íslandshafi (sjöundi áratugur) birtist í einu riti Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

WOCE

Hafrannsóknastofnunin er þátttakandi í alþjóðlega rannsóknaverkefninu WOCE „World Ocean Circulation Experiment“. Hlutur íslenskra sjórannsóknna í verkefninu var að afla gagna frá Grænlandssundi og Austurdjúpi, einkum frá Látrabjargs- og Krossanessniðum. Þeim var safnað í hefðbundnum leiðingrum til könnunar á ástandi sjávar. Beinar staummælingar í Grænlandssundi voru einnig liður í rannsóknunum. Þeim var sinnt í vorleiðangri og sérstökum leiðangri sem farinn var í september. Í október var haldinn vinnufundur á vegum norrænna samstarfsaðila (NORDIC-WOCE) í Stokkhólmi og sóttu hann þrír þátttakendur frá Hafrannsóknastofnuninni. Á árinu var unnið að frágangi gagna, en gagnasöfnun lauk í árslok. Umrædd gögn voru nýtt í doktorsritgerð við háskólann í Kaupmannahöfn.

VEINS

Í ársbyrjun 1997 hófst nýtt verkefni sem stutt er af Evrópusambandinu. Um er að ræða samstarfsverkefni 18 rannsóknastofnana í níu löndum (Þýskalandi, Noregi, Bretlandi, Finnlandi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum, Ítalíu og Íslandi). Auk þess er Alþjóðahafrannsóknaráðið aðili að verkefninu. Skammstöfunin VEINS stendur fyrir „Variability of Exchanges in the Northern Seas“ eða „búskapur og breytileiki í Norðurhöfum“.

Verkefnið er til þriggja ára og er megináhersla lögð á strauma og sjógerðir í útjöðrum Norðurhafs, frá Færeyjum og Noregi í suðri til Barentshafs og Framsunds í norðri og þaðan aftur suður um í Grænlandsund og Íslandshaf. Markmiðið er að fá samfelld gögn til þriggja ára með líkanasmíð í huga, en á lykilstöðum verða gerðar mælingar til að spá fyrir um veðurfar, bæði í lofthjúpi og sjó, m.a. með vistfræðileg sjónarmið í huga. Framlag Evrópusambandsins til verkefnisins í heild er um 450 milljónir króna, þar af renna um 50 milljónir til Hafrannsóknastofnunarinnar á þremur árum.

Rannsóknaveitvangur Hafrannsóknastofnunarinnar er í Grænlandsundi (Irmingerstraumur, Austur-Grænlandsstraumur, botnstraumar) og norðaustur og austur af Íslandi (Austur-Íslandsstraumur). Eins og í WOCE-rannsóknunum eru sérstök ársfjórðungsleg sjórannsóknasnið helguð VEINS. Þessi snið eru Faxaflóa-, Látrabjargs-, Kögur-, Langanes NA- og Krossanessnið. Beinar straummælingar fara fram í Grænlands-

sundi og í Austur-Íslandsstraumi. Gerðar eru strangar kröfur í þessu verkefni um skilvirkni í skýrslugerð og gagnaskilum.

Á árinu 1997 voru gerðar rannsóknir vegna verkefnisins í alls fjórum leiðöngrum, (vorleiðangri, seiðaleiðangri, septemberleiðangri og vetrarleiðangri í nóvember-desember). Einn skipulags- og vinnufundur um rannsóknirnar var haldinn á árinu í Hamborg (nóvember) og sóttu hann þrír starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar. Fluttu þeir allir erindi um rannsóknir sem tengjast verkefninu og skiluðu skriflegum útdráttum (um ástand sjávar, reka sem fylgst er með frá gervitunglum og Austur-Grænlandsstraum).

Haffræðingurinn John Mortensen hefur verið ráðinn til stofnunarinnar til að sinna þessu verkefni sérstaklega.

Hitamælingar

Eins og áður var sjávarhiti mældur á ýmsum stöðum við strendur landsins með siritum. Á árinu 1997 var unnið að frágangi gagna frá árunum 1991-97. Verkefnið var styrkt af Lýðveldissjóði.

Rekdufl

Á árinu var haldið áfram athugunum á yfirborðsstraumum með rekduflum sem fylgst er með frá gervihnöttum. Eins og áður voru 10 dufl sett í sjó á jafnmörgum stöðum ársfjórðungslega fyrir Suður- og Vesturlandi, eða alls 40 dufl á árinu. Auk bandarískra samstarfsaðila (SIO, La Jolla, Kaliforníu) styrkir bygginga- og tækjasjóður Rannsóknaráðs Íslands verkefnið. Gert er ráð fyrir að það taki þrjú ár og að því ljúki í febrúar 1998. Alls verða sett út 120 dufl í verkefninu. Í árslok 1997 voru 27 dufl af 110 sem þá höfðu verið sett út enn virk: fimm frá 1995, ekkert frá 1996 og 22 frá 1997.

Greint var frá meginatriðum straumferla í ársskýrslu 1996 og er þar litlu við að bæta. Rekduflin fara ýmsar leiðir, bæði grunnt með ströndum Íslands, í langferðir vestur og austur um haf, og suður með Reykjanes hrygg. Talverðar breytingar eftir árstíðum og árum virðast vera á rekinu.

Í október 1997 var sóttur fundur á Reunion í Indlandshafi þar sem fjallað var um rekdufl í heimshöfunum. Þar var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum varðandi rek duflanna á Íslandsmiðum og nálægum hafsvæðum. Einnig var efnið kynnt á VEINS-fundi í Hamborg í nóvember með fyrirlestri og rituðum útdrátti eins og áður sagði. Þá var unnið með gögnin í tengslum við framhaldsnám í haffræði við háskólann í Kaupmannahöfn og fluttur þar próffyrirlestur í júní. Starfsbræður í Bandaríkjunum voru sóttir heim í október til að þinga um gögn og niðurstöður. Að lokum skal nefnt að hinir bandarísku samstarfsaðilar munu heimsækja

Hafrannsóknastofnunina sumarið 1998 til að vinna úr þeim gögnum sem safnast hafa.

Almenn gagnavinnsla sjórannsókna

Að venju var unnið að frágangi og dreifingu sjófræðigagna um ástand sjávar á Íslandsmiðum í samvinnu við Alþjóðahafrannsóknaráðið og innlenda aðila.

Þjónustuverkefni

Lokið var við skýrslu um hita-, seltu- og straummælingar út af Sandgerði sem gerðar voru árin 1995 og 1996. Verkefnið var unnið að ósk bæjaryfirvalda vegna fyrirhugaðra framkvæmda við frárennsli frá bænum.

EFNAFRÆÐI

Mengandi efni í sjó

Í vorleiðangri var safnað setsýnum fyrir verkefnið í Djúpáli. Vegna vandamála sem upp komu við efnagreiningar á sýnum og tímaskorts var ákveðið að láta greina þau erlendis.

Dreifing geislavirkra efna í seti og sjó

Verkefninu EKO-1, sem styrkt er af NKS („Nordisk kernesikkerhets forskning“), var haldið áfram. Ekki tókst að efnagreina sýnin á árinu og bíða þau greiningar erlendis. Árið 1997 er síðasta ár þessa verkefnis.

JARDFRÆÐI


Jarðlög í Ísafjarðardjúpi

Hafrannsóknastofnunin hefur undanfarin ár safnað gögnum um jarðfræði Ísafjarðardjúps, Jökulfjarða og Djúpáls. Þar eru þykk setlög frá ísöld með jökulgörðum og öðrum myndunum sem gera þetta svæði afar áhugavert. Markmiðið er að fá heildarmynd af sögu setmyndunar og umhverfisbreytinga, með sérstaka áherslu á sl. 10 - 15 þúsund ár. Verkefnið byggist á umfangsmiklum endurvarpsmælingum (3,5 KHz og Boomer) og rannsóknnum á stuttum setkjörnum (<3m). Úrvinnsla og samantekt gagna er mislangt á veg komin, en á árinu 1997 var hafist handa við að samræma niðurstöður sem fyrir liggja og stefnt er að því að ljúka verkefninu árið 1998. Áhersla var lögð á að ljúka sem fyrst úrvinnslu endurvarpsmælinganna og var sú vinna vel á veg komin í árslok.

Mjög góð gögn af rannsóknasvæðinu gera mögulegt að segja sögu setmyndunar og framgangs jökla allt aftur til seinni hluta ísaldar. Heildarmynd fæst frá innstu fjörðum og út á landgrunnsbrún. Sjávarstaða hefur sveiflast verulega í Ísafjarðardjúpi. Í berggrunni (klöpp) um miðbik

Snefilmálmarmar í sjó

Á árinu lauk efnagreiningum vegna verkefnisins „Snefilmálmarmar í sjó og ferskvatnsframburði“, en það hófst vorið 1996. Með verkefninu hefjast að nýju mælingar á snefilmálmum í vatnsupplausn hér við land, en við þær er notað nýtt og fullkomið atómgleyfnitæki stofnunarinnar. Verkefnið er jafnframt meistaraþrófsverkefni við efnafraeðiskor H.Í. en unnið að öllu leyti á Hafrannsóknastofnuninni. Sýnasöfnun fór fram í júní og nóvember árið 1996 og voru tekin sjósýni á stöð 5 á Selvogsbanka (63°00'N, 21°30'V, 2. mynd) auk þess sem sýni voru tekin í Þjórsá. Leitast var við að kanna magn ýmissa efna sem berast með Þjórsá til sjávar, þar með talið snefilmálmanna kadmíums (Cd), kopars (Cu) og sinka (Zn), hvað um málmana verður á blöndunarsvæðinu, svo og styrk þeirra í fullsöltum atlantískum sjó.



2. mynd. Dreifing kopars eftir dýpi út af Selvogsbanka í nóvember 1996.

Efnagreiningum er nú lokið og eru niðurstöðurnar fyrir sjóinn fyllilega í samræmi við það sem áður hefur verið mælt á hafsvæðinu kringum Ísland. Niðurstöður úr ánni benda til að þar sé mjög lítið af uppleystum snefilmálmum.

Leitast var við að tryggja áreiðanleika niðurstaðna með því að mæla viðurkennd viðmiðunarefni („Certified Reference Materials“) samhliða snefilmálmásýnunum, en nú á dögum er það talið nauðsynlegt.

Djúpsins eru rásir sem ná niður á 130 m dýpi en í setlögnum ofan á klöppinni eru roffletir sem rekja má til síðari tíma sjávarsstöðubreytinga.

Þrír meiriháttar jökulgarðar eru í Ísafjarðardjúpi, við Borgarey, Æðey og

í mynna Djúpsins. Í Ísafjarðardjúpi, Jökulfjörðum og smærri fjörðum inn af Djúpinu má víða rekja sterkan endurvarpsflöt í setlögnum, sem virðist vera á mörkum ísaldar- og nútímasetts og gæti verið þekkt öskulag frá þessum tíma. Hér er að öllum líkindum um sama endurvarpsflöt að ræða og finnst víða úti fyrir Norðurlandi. Ef svo reynist vera mun þetta auðvelda alla tengingu svæða og hjálpa til við að tímasetja atburðarás.

Niðurstöður aldursgreininga úr setkjörnum sýna að þeir ná niður í rúmlega tíu þúsund ára gamalt set eða aftur til loka ísaldar. Dýrasamsetning er í góðu samræmi við aðrar upplýsingar úr setkjörnum.

Um mitt sumar voru teknir enn lengri kjarnar (> 5m) á nokkrum stöðum á rannsóknasvæðinu í tengslum við verkefni 11.23.

Fornveðurfar vestan, norðvestan og norðan Íslands

Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í alþjóðaverkefninu PALE („Paleoclimate of Arctic Lakes and Estuaries (Shelves)“) í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Colorado (INSTAAR) í Boulder í Bandaríkjunum. Markmiðið er að rannsaka fornveðurfar í setkjörnum úr stöðuvötnum og af hafsbotni allt að 20 þúsund ár aftur í tímann.

Umfangsmikil og vel heppnuð gagnasöfnun fór fram um mitt sumar í leiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar, B9-97. Safnað var um 170 lengdar-metrum af setkjörnum á 38 stöðum vestan, norðvestan og norðan Íslands. Ekki hefur áður verið safnað svo mörgum setkjörnum hér við land. Kjarnarnir voru teknir með þriggja metra löngum fallbor og sex metra löngum stimpilbor. Lengstu kjarnarnir voru 5,4 m langir. Borstaðir voru valdir með endurvarpsmælingum. Í þessum mælingum er víða hægt að rekja sterkan endurvarpsflöt (öskulag?) sem auðveldar alla tengingu svæða.

Á Hafrannsóknastofnuninni var unnið úr mælingalínum sem tengjast verkefni 11.01 (Jarðlög í Ísafjarðardjúpi). Margs konar mælingar eru gerðar á setkjörnunum og munu þær hefjast hér árið 1998 en eru komnar vel af stað við Háskólann í Colorado og tengjast m.a. framhaldsnámi íslenskra stúdenta þar. Í lok ársins höfðu borist fyrstu niðurstöður úr aldursgreiningum nokkurra setkjarna, en aldur þeirra var 6 til >13 þúsund ár, þ.e. vel aftur fyrir lok ísaldar. Fyrstu niðurstöður úr leiðangrinum voru kynntar á ráðstefnu bandaríska jarðeðlisfræðisambandsins í lok ársins.

PLÖNTUSVÍF


Árferðisrannsóknir

Eins og undanfarin ár var plöntusvíf rannsakað að vorlagi, í tengslum við árlegar athuganir á umhverfisástaðum í sjónum umhverfis landið. Farið var frá Reykjavík 21. maí réttisælis kringum landið og komið aftur heim til Reykjavíkur 9. júní. Sýnataka gekk samkvæmt áætlun.

Niðurstöður sýndu að á grunnslóð við landið var vorblóma yfirleitt lokið, en í hlýstjávartungunni undan Vestur- og Norðvesturlandi var töluvert gróðurmagn. Af styrk næringarsalta að dæma mátti gera ráð fyrir áframhaldandi vexti þar og sömuleiðis í hlýsjönnum sunnan landsins. Lagskipting yfirborðssjárvar og lágur styrkur næringarefna fyrir norðan land benti hins vegar til að lítils gróðurs væri að vænta þar meðan lagskiptingin héldist.

Svifþörungur sem geta valdið skelfiskeitrun

Á 3. mynd eru sýndir skorupþörungur af ætt *Dinophysis* sem geta myndað svonefnt DSP-eitur en það veldur magafári, og *Alexandrium* sem geta myndað PSP-eitur sem meðal annars lamar öndunarfærin. Einnig er sýndur kísilþörungur af ætt *Pseudonitzschia* sem getur myndað ASP-eitur sem t.d. veldur minnistapi. Þessar tegundir hafa allar fundist víðsvegar umhverfis landið, en sjaldan í miklu magni.




Svifþörungur sem geta valdið skelfiskeitrun

Könnun á því hvenær svifþörungur sem geta valdið skelfiskeitrunum finnast í plöntusvifinu hér við land var haldið áfram á árinu (3. mynd). Verkefnið er styrkt af Lýðveldissjóði. Verkefnið skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutanum, sem byggði á skoðun fyrirbyggjandi sýna og gagna, lauk með gerð skýrslu sem mun verða birt í Fjölrítum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Árstíðabreytingar plöntusvifs í Hvalfirði

Á 4. mynd eru sýndir ársferlar blaðgrænu við yfirborð (mg blaðgræna m^{-3}) á þremur stöðvum í Hvalfirði árið 1997. Gróðurkoman var fyrir á ferðinni inni á firðinum en úti við mynnið. Kísilþörungur voru ríkjandi í upphafi gróðurtímans í apríl, en þegar kom fram í maí fór að bera mikið á tegundinni *Phaeocystis pouchettii* (fylking Haptophyte). Megnið af sumrinu voru svo skorupþörungur ráðandi í svifinu og frá því um miðjan júlí og fram í september var tegundin *Dinophysis norvegica* áberandi í sýnum á öllum þremur stöðvum, en hún getur valdið skelfiskeitrun.



Seinni hlutinn hófst með leiðangri til Hvalfjarðar í febrúar 1997. Í framhaldi af því voru farnar 26 ferðir á árinu og var farið vikulega yfir aðalgróðurtímabilið (4. mynd). Sýnum var safnað á þremur stöðvum og tveimur dýpum til að kanna árstíðabreytingar, t.d. hvað varðar tegundir í plöntusamfélaginu, magn gróðurs og umhverfisaðstæður sem vitað er að geta haft áhrif á viðkomu svifþörunganna. Söfnunin gekk eftir áætlun og áætlað er að úrvinnslu ljúki á árinu 1998 og að niðurstöður birtist í meistaraprófsritgerð árið eftir.

DÝRASVIF

Útbreiðsla dýrasvifs að vor- og sumarlagi

Átumagn umhverfis landið var að venju kannað í vorleiðangri, sem hófst 21. maí og lauk 9. júní. Auk þess voru farnir tveir leiðangrar (2.-24. maí og 3.-14. júní) til að kanna magn og útbreiðslu átu í Austurdjúpi í tengslum

við sameiginlegar síldarrannsóknir Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandsins.

Markmið þessara athugana er að rannsaka langtímabreytingar á magni, útbreiðslu og framleiðni dýrasvifs á Íslandsmiðum og hvernig þær tengjast breytingum á umhverfisþáttum og plöntusvifi. Þær eru liður í langtímavöktun sjávar, umhverfis og lífríkis á Íslandsmiðum og eru því mikilvægur liður í því að auka skilning okkar á tengslum umhverfis, átu og fiskistofnanna við landið.

Á heildina litið var átumagn við landið í vorleiðangri í meðallagi en á einstökum svæðum voru þó frávik miðað við undanfarin ár. Að venju reyndist átumagnið mest í kalda sjónum djúpt norðaustur og austur af landinu, þar sem stórar en hægvaхта kaldsjávartegundir voru algengastar. Á þessum slóðum var átumagnið talsvert yfir langtímameðaltali. Vestanlands var átumagn í meðallagi. Undan suðurströndinni og fyrir Norðurlandi var átumagn hinsvegar yfirleitt undir meðaltali. Séu niðurstöður um átu bornar saman við vorið 1996 kemur í ljós að á austurmiðum var átumagn minna en þá, á suður- og vesturmiðum var átumagnið svipað en á norðvestur- og norðurmiðum var magnið minna en 1996.

Veturseta og vorkoma rauðátu

Verkefnið er hluti af samstarfsverkefni átta Evrópuþjóða um rannsóknir á rauðátu í Norður Atlantshafi (TASC), sem er styrkt af Evrópusambandinu. Markmiðið er að athuga vetursetu, vorvöxt og hrygningu rauðátu suðvestur af landinu í tengslum við umhverfisþætti og þörungagróður. Sýnataka hófst í árslok 1996 með einum leiðangri, og á fyrri helmingi ársins 1997 voru svo farnir þrír leiðangrar vegna rannsóknanna. Allir þessir leiðangrar tókust mjög vel. Athuganir á vetursetu rauðátu hafa aldrei áður farið fram hér við land, og raunar eru til mjög fáar sambærilegar athuganir frá öðrum hafsvæðum, og m.a. þess vegna eru þessar rannsóknir mikilvægar.

Í rannsóknunum hafa safnast mjög umfangsmikil gögn, sem tímafrekt er að vinna úr og mun því eflaust taka nokkur ár að fullvinna öll sýni. Á árinu var þó lokið frumúrvinnslu gagna úr fyrstu tveimur leiðöngrunum. Of snemmt er að fjölyrða um niðurstöður á þessu stigi, en fyrstu niðurstöður benda til að rauðátan eyði vetrinum aðallega fyrir utan landgrunnsbrúnina á miklu dýpi (400-600 m) og að hún fari að synda upp í efri sjávarlög strax í janúar-febrúar til að undirbúa hrygningu.


Árstíðabreytingar rauðátu á hrygningarslóðinni

Í ársbyrjun hófust rannsóknir á árstíðabreytingum rauðátu á hrygningarslóðinni fyrir sunnan land, en eins og verkefnið sem lýst var hér fyrir framan, eru þær einnig liður í TASC-rannsóknáttakinu. Markmið verk-

Rannsóknir á rauðátu við Vestmannaeyjar

Þótt lífsferill rauðátu sé þekktur í stórum dráttum, er þó enn ýmislegt á huldu í þeim efnum, m.a. vegna þess að fyrri rannsóknir á árstíðabreytingum rauðátu hafa yfirleitt verið gerðar með tiltölulega strjálri sýnatöku og þess vegna hefur ekki verið unnt að ákvarða eins nákvæmlega og æskilegt væri ýmis atriði í lífsferlinum. Í rannsóknunum við Eyjar hefur sýnataka hins vegar verið mun tíðari og sýnum safnað á um hálfmánaðar fresti, en þannig ættu að fást mun betri gögn. Nákvæm gögn um ársferla rauðátu eru nauðsynleg til að meta framleiðni hennar, en þau eru einnig mikilvæg til að skilja áhrif strauma á útbreiðslumynstrið.

Á 5. mynd er sýndur meðalfjöldi rauðátu á tveimur stöðvum skammt austan við Vestmannaeyjar. Í febrúar og mars fundust aðeins fáein dýr í sýnunum, en þá voru þau í vetrardvala. Í apríl hófst vöxtur átunnar og í byrjun júní náði fjöldinn hámarki. Eftir það fækkaði í sýnunum og í miðjan júní var rauðátan í mikilli lægð. Síðan jókst átumagnið aftur og í lok júní og byrjun júlí var annað hámark. Dýrunum fækkaði síðan er leið á júlímánuð og í ágúst fundust aðeins fáein dýr í sýnunum. Fjöldahámörkin endurspeglar að a.m.k. hluti dýranna hefur tvær kynslóðir á ári, þar sem sú fyrri klekst aðallega út í apríl og maí, en sú síðari í júní og júlí.



5. mynd. Árstíðabreytingar í fjölda rauðátu skammt austan af Vestmannaeyjum (febrúar-ágúst 1997). Myndin sýnir meðaltöl frá tveimur stöðvum.

efnisins er að rannsaka lífsferil rauðátu og hvernig hann tengist árstíðabreytingum í umhverfisþáttum (hita og seltu) og þörungavexti (sjá ramma-grein).

Rannsóknasvæðið er skammt austan við Vestmannaeyjar, og á árinu voru

farnir alls 25 leiðangrar vegna verkefnisins, langflestir á rannsóknabáti útibús Hafrannsóknastofnunarinnar í Vestmannaeyjum, Friðriki Jessyni, en í nokkur skipti hafa stærrí skip stofnunarinnar einnig verið nýtt til sýnatöku.

Starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar flutti til Vestmannaeyja í ársbyrjun 1997 til að sinna þessum athugunum. Jafnframt því að sinna sýnatöku vegna verkefnisins vann hann að úrvinnslu sýna og var aðstaða útibúsins í Vestmannaeyjum nýtt í því sambandi.

Rauðáta gegnir sem kunnugt er lykilhlutverki í vistkerfinu í Norður-Atlantshafi, og á hrygningarslóð nytjafiska suðvestur af landinu er hún mikilvæg fæða fisklirfa fyrst eftir að þær fara að taka til sín fæðu. Smærri átutegundir eru einnig mikilvæg fæða fisklirfanna fyrstu ævivikurnar og þess vegna eru öll sýni einnig greind með tilliti til smáátutegundanna. Til að tengja hrygningu og framleiðni átunnar vexti og afkomu fisklirfa eru loks öll sýni einnig unnin upp með tilliti til fiskeggja og -lirfa.

Samtímis rannsóknunum við Ísland hafa í TASC-rannsóknaverkefninu verið gerðar sambærilegar athuganir víðar í Norður-Atlantshafi (við Færeyjar, Noreg og Skotland), en með því að bera saman árstíðabreytingar rauðátu á mismunandi stöðum er vonast til að skilningur okkar aukist á tengslum umhverfisþátta og bæði skamm- og langtímabreytinga í rauðátu-magninu.

Langtímabreytingar á rauðátu

Þetta verkefni er einnig liður í TASC-rannsóknaverkefninu, sem áður var nefnt. Verkefnið er unnið í samvinnu við vísindamenn frá Strathclyde-háskóla í Skotlandi og er markmiðið að rannsaka langtímabreytingar á mergð rauðátu í Norður-Atlantshafi, og áhrif veðurfarsbreytinga á þær.

Gögnin sem lögð eru til grundvallar koma úr ýmsum áttum (íslensku vorleiðangursgögnin og langtímaátugögn frá Bretlandi, Færeyjum, Rússlandi og Noregi). Það hefur valdið nokkrum vandræðum í sambandi við úrvinnsluna, að þessum gögnum hefur verið safnað á mjög mismunandi hátt; bæði er að söfnunartækin sem hafa verið notuð eru mjög ólík, og eins hitt að úrvinnsla sýnanna er mjög mismunandi. Þess vegna hefur mikil vinna farið í að koma gögnunum á samræmt og heildstætt form, en það er nauðsynlegt til að ná fram markmiðum verkefnisins um samræmda greiningu á öllum tiltækum langtímagögnum um rauðátu í Norður-Atlantshafi. Á árinu 1997 var aðallega unnið að þessu, bæði af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar og samstarfsmönnum við Strathclyde-háskóla.

Í samvinnu við vísindamenn frá Strathclyde-háskóla var einnig unnið að því að þróa nýja aðferð til að rannsaka áhrif umhverfisbreytinga á útbreiðslu og tegundasamsetningu átu umhverfis landið.

Árstíðabreytingar á magni og tegundasamsetningu dýrasvífs

Markmið verkefnisins er að afla upplýsinga um árstíðabreytingar dýrasvífs á íslenska hafsvæðinu. Verkefnið hófst árið 1993 með athugun á árstíðabreytingum dýrasvífs norður af landinu, en áður höfðu verið gerðar rannsóknir á árstíðabreytingum umhverfisþátta og svífs suðvestur af landinu og í Ísafjarðardjúpi. Niðurstöður hafa verið birtar í vísindaritum og má því segja að nú liggi fyrir upplýsingar um árstíðabreytingar dýrasvífs fyrir suðvestan, norðvestan og norðan landið.

Með það að markmiði að fá sambærilegar upplýsingar frá hafsvæðinu norðaustur og austur af landinu voru árið 1995 tekin sýni á um mánaðar fresti á tveimur sniðum fyrir norðaustan og austan landið (Krossanes og Langanes-NA). Úrvinnsla sýna hefur tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert í upphafi, en á árinu 1997 tókst þó að ljúka smásjárúrvinnslu að mestu.

Verkefnið er liður í sameiginlegum rannsóknum Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga á vistkerfi Norðurhafa, sem flestir sérfræðingar á sjó- og vistfræðisviði koma að. Leitast verður við að tengja saman í eina heildarmynd upplýsingar um árstíðabreytingar á sjófræðilegum þáttum, næringarsöltum, súrefni, og plöntu- og dýrasvífi.

Fæðuvistfræði loðnu

Tilgangur þessa verkefnis er að rannsaka fæðu, atferli og dreifingu loðnu með tilliti til útbreiðslu fæðudýra hennar. Verkefnið hófst árið 1993 í tengslum við áætlun Hafrannsóknastofnunarinnar um fjölstofnarannsóknir. Gagnasöfnun fór fram árin 1993 og 1994, og úrvinnslu lauk árið 1996. Niðurstöður hafa verið kynntar bæði á innlendum og erlendum vettvangi, og á árinu birtist ritgerð um þessar rannsóknir í vísindaritum. Verkefninu er nú lokið.

Fæðuvistfræði síldar

Markmið verkefnisins er að kanna fæðuvistfræði norsk-íslensku síldarinnar, en hún er sem kunnugt er byrjuð að ganga aftur út á hafsvæðið milli Íslands og Noregs í ætisleit. Líklegt er að umhverfis- og ætisskilyrði á hafsvæðinu fyrir austan landið hafi mikil áhrif á þessar göngur og rannsóknir á þessum þáttum hafa því frá upphafi verið liður í hinum sameiginlegu rannsóknum Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusamabandsins á göngum norsk-íslensku síldarinnar í Austurdjúpi. Þá hefur magasýnum úr síld einnig verið safnað.

Rannsóknir þessar hófust árið 1994 og hafa staðið yfir síðan. Öll árin hefur verið safnað gögnum um ástand umhverfis og átu, og árin 1995 og 1996 var einnig safnað magasýnum. Úrvinnsla magasýna er á lokastigi, en átusýni hafa verið unnin jafnóðum og niðurstöður birtar í áfangaskýrslum um rannsóknirnar.

Átusöfnun með átuvisum

Átusöfnun með átuvisum var haldið áfram á siglingaleiðum skipa Eimskipafélags Íslands frá Íslandi til Skotlands og Bandaríkjanna. Söfnunin er framkvæmd af áhöfnum skipanna í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina og Alistair Hardy stofnunina í Plymouth. Úrvinnsla gagna fer fram á síðarnefndu stofnuninni.

BOTNDÝR

Botndýr á Íslandsmiðum (BIOICE)

Í júlí var farinn leiðangur vegna BIOICE-verkefnisins á rs. Bjarna Sæmundssyni og voru leiðangursmenn sjávarlíffræðingar frá Íslandi, Noregi og Danmörku. Safnað var sýnum af botndýrum á 37 stöðvum (alls 89 sýni) frá Mýrargrunni suður á 61°N, þar sem dýpi var rúmlega 2100 metrar. Við söfnun var reynt að ná dýrum sem grafa sig niður í setið, skriða á botni eða eru á sveimi rétt yfir honum (6. mynd). Á hverri stöð eru því notaðar nokkrar gerðir af söfnurum til þess að ná til þessara dýrahópa. Frá því að verkefnið hófst (1992) hefur alls 755 sýnum af botndýrum verið safnað á 427 stöðum í kring um landið.

Úrvinnsla sýna fer fram í Rannsóknastöðinni í Sandgerði og hjá um það bil sjötíu sérfræðingum víða um heim. Í lok árs var búið að flokka 415 sýni af alls 755 botndýrasýnum sem safnað hefur verið. Þó ekki sé búið að fullvinna nema lítinn hluta þeirra sýna sem búið er að flokka eru nú þegar fundnar 12 dýrategundir sem enginn maður hefur áður augum litið. Auk þess hefur verið staðfest tilvist hundruða þekkra tegunda sem hafa þó ekki fundist hér við land áður.


Áhrif botnvörpuveiða á samfélög botndýra

Árið 1997 hófust rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á áhrifum botnvörpu á botndýralíf í Stakksfirði í Faxaflóa, en þar hafa ekki verið stundaðar veiðar með botnveiðarfærum. Markmiðið er að kanna hvort veiðar með botnvörpu hafi marktæk áhrif á samfélög botndýra og botngerð.

Áður en rannsóknirnar hófust var athugað hvort Stakksfjörður hentaði vel sem rannsóknasvæði, en auk þess var gagnagrunnur Hafrannsóknastofnunarinnar notaður til að kanna umfang og dreifingu botnvörpuveiða á Íslandsmiðum.

Stakksfjörður reyndist vera heppilegt svæði til rannsókna enda var samsetning botndýra og sets svipuð á öllu svæðinu. Í rannsóknunum fundust 83 tegundir botndýra en af þeim voru tvær ríkjandi í fjölda, burstaormurinn *Myriochele oculata* og samlokan *Macoma calcarea*.

Athuganir á umfangi veiða með botnvörpu í kringum landið árið 1991



6. mynd. RP-botnsleði, aðallega notaður til að safna sunddýrum sem lifa rétt ofan við botninn (ljósmynd Tómas Gíslason).

leiddu í ljós að á tæplega 50% alls veiðisvæðis var togað einu sinni á árinu, um 20% tvisvar og um 30% þrisvar sinnum eða oftar.

Í lok júní hófust rannsóknir á áhrifum botnvörpu á botndýralíf. Í Stakksfirði voru afmörkuð átta snið og var togað mörgum sinnum með botnvörpu yfir fjögur þeirra en hin sniðin voru látin öröskuð. Sýni voru tekin á tilviljunarkenndan hátt strax eftir að búið var að toga, til að kanna hver séu fyrstu áhrif af raski botnvörpunnar, og síðan tveimur mánuðum síðar (lok ágúst) til að meta skammtímaáhrif.


Á árinu 1998 er fyrirhuguð frekari gagnasöfnun til að meta áhrif til lengri tíma. Þannig verður fylgst með framvindu í útbreiðslu og þéttleika botndýra á sniðunum og kannað hvort marktækur munur verði á framvindu á þeim sniðum sem togað var yfir og þeim sem látin voru í friði.

Lífriki á hörðum botni á grunnsævi umhverfis Ísland

Markmið rannsókna er að afla þekkingar á tegundasamsetningu lífríkisins á hörðum botni umhverfis Ísland og útbúa staðgóða lýsingu á samfélögum á grunnsævi. Samfélög á hörðum botni umhverfis Ísland hafa nær ekkert verið rannsökuð. Einstaka athuganir gefa til kynna að þar sé að finna fjölbreytileg búsvæði með mikilli framleiðni. Vonast er til að þessar rannsóknir veiti upplýsingar sem geti nýst til viðmiðunar í framtíðinni.

Ætlunin er að rannsaka líf á hörðum botni á tveimur sniðum í hverjum landsfjórðungi. Á hverju sniði er kafað á sex stöðvum, á 5 til 30 metra dýpi. Á hverri stöð eru athugaðir fjórir reitir sem hver um sig er 0,25 fermetrar, samtals einn fermetri. Verkefnið hófst í ágúst 1995 og var þá safnað sýnum á tveim sniðum við Norðurland og í ágúst 1996 var safnað á tveim sniðum við Suðurland. Við Vesturland voru sýni tekin við Oddbjarnarsker á Breiðafirði í ágúst 1997.

Paraskógurinn (samfélag stórþara, *Laminaria hyperborea*) er ríkjandi



7. mynd. Náhandar-samfélag (*Alcyonum digitatum*) á hörðum botni á 30 m dýpi norðvestur af Heimaey (ljósmynd Anton Galan).

umhverfis Ísland, fyrir norðan getur hann náð frá fjörumörkum niður á 30 metra dýpi. Í Breiðafirði, nær Þaraskógabeltið niður á 20 metra dýpi, en við suðurströndina náði Þaraskógasamfélag niður á 15 metra dýpi. Síðan tók við samfélag með síunardýrum, þar sem náhönd (*Alcyonum digitatum*) var ríkjandi niður á 30 metra dýpi. (7. mynd).

Þaraskógar einkennast af mikilli frumframleiðni og miklum fjölbreytileika. Þessu er öfugt farið í kalkskánarsamfélögum. Mikil beit ígulkeru getur breytt þaraskógi í kalkskánarsamfélag og há dánartíðni ígulkeru getur valdið auknum vexti þaraskóga. Vonast er til að rannsóknirnar varpi ljósi á þær breytingar sem verða á samfélögum hryggleysingja þegar þaraskógar eyðast og svæðin sem þeir þöktu breytast í berangur.

SJÓFUGLAR

Fæða sjófugla

Á árinu hófust rannsóknir á fæðu skarfa við Ísland. Hér við land eru tvær skarfategundir, toppskarfur og dílaskarfur, og dveljast báðar við landið allt árið. Á vorin eru tegundirnar við varpstöðvar sínar, sem eru eyjar í Breiðafirði og Faxaflóa. Að vetrarlagi dreifast dílaskarfar um allt land en toppskarfar eru að mestu leyti við vestanvert landið. Skarfarnir afla sér fæðu á grunnsævi og talið er að þeir éti um 6.000 tonn af sjávarfangi hér við land árlega.

Vor og sumar var sýnum safnað við varpstöðvarnar. Fullorðnir skarfar voru skotnir við fæðuöflun á sjó og auk þess fengust skarfar úr grá-

sleppunetum. Farið var í vörpin og fæðu unga safnað, annarsvegar með því að tína fæðu sem dílaskarfsungar sáuust æla og hinsvegar með því að láta toppskarfsunga æla í fötur. Haust og vetur hafa veiðimenn víða um land safnað ungum og fullorðnum fuglum. Í árslok höfðu fengist magna- sýni úr um 170 toppskörfum og 170 dílaskörfum.

Fyrstu niðurstöður benda til að langstærstur hluti fæðunnar séu ýmsir fiskar, t.d. marhnútur, sílistegundir, sprettfiskur og þorskfiskar. Markmiðið er að komast að því hve mikið skarfarnir éta af hverri tegund þannig að betur megi átta sig á samspili þeirra við fiskstofna við strendur Íslands.

Unnið var að birtingu greina um sumarfæðu sex stærstu sjófuglastofna við Ísland, langvíu, stuttnefju, álku, lunda, ritu og fýls. Þessar rannsóknir hófust árið 1994 og þeim er nú að mestu lokið. Áætlað heildarátt þessara sex tegunda sjófugla á varptíma er um 171 þúsund tonn af loðnu, 184 þúsund tonn af síli, 34 þúsund tonn af ljósátu og 52 þúsund tonn af annarri fæðu.

Pungmálmar í sjófuglum við Ísland

Kvikasilfur (Hg) berst í sjófugla með fæðu þeirra. Á árinu voru birtar niðurstöður úr verkefni sem sýna mikinn styrk kvikasilfurs í fjöðrum sex tegunda sjófugla, bæði fullorðinna og unga, úr Látrabjargi. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem bentu til að styrkur kvikasilfurs í fjöðrum varpfugla í Látrabjargi væri oftast meiri en í sömu tegundum við Skotland og Norður-Noreg. Samkvæmt erlendu rannsóknunum er hinsvegar minni styrkur kvikasilfurs í lifur fugla úr Látrabjargi en við Skotland.

Til að leita svara við þeim spurningum sem niðurstöðurnar vekja var á árinu unnið að mælingum á styrk kvikasilfurs í fjöðrum fullorðinna fugla og unga frá Skróði og Vestmannaeyjum. Kannaðar voru eftirfarandi tegundir: langvía, lundi, rita og fýll. Auk þess var mældur styrkur kvikasilfurs og selens (Se) í lifur fullorðinna fugla frá Látrabjargi, Skróði og Vestmannaeyjum. Þá var mældur styrkur kvikasilfurs í þeim fæðu- hópum sem fuglarnir éta mest af hér við land, meðal annars loðnu, síli og ljósátu.

Niðurstöður hafa enn ekki verið teknar saman, en í fljótu bragði sýna þær ekki einfalt samband á milli styrks kvikasilfurs og þeirra þriggja fuglabyggða sem athugaðar voru. Þannig virðist styrkur kvikasilfurs í fjöðrum fullorðinnar langvíu og fýls vera minnstur í Skróði, í lunda frá Vestmannaeyjum er hann mestur og í ritu er styrkurinn svipaður á stöðunum þremur. Athuganir á styrk kvikasilfurs í fjöðrum og dúni unga frá þessum stöðum voru ekki alltaf í samræmi við niðurstöður úr fullorðnu fuglunum. Til dæmis virðast ungar ritur frá Skróði vera með meiri styrk kvikasilfurs í fjöðrunum en á hinum stöðunum tveimur.

Styrkur kvikasilfurs í lifur íslenskra sjófugla sýnist yfirleitt minni eða sambærilegur þeim sem fundist hefur í fuglum annars staðar við N-Atlantshaf. Þá virðist styrkur kvikasilfurs í mikilvægustu fæðuhópum sjófugla hér við land vera frekar lítill samanborið við erlendar athuganir.

Ekki hefur tekist að finna viðhlítandi skýringar á miklum styrk kvikasilfurs í fjöðrum íslenskra sjófugla eða á misræminu á milli fjaðra og lifra. Við fyrstu sýn benda niðurstöðurnar því til þess að um sé að ræða allflókið samband á milli styrks kvikasilfurs í fuglunum, lífshátta fuglanna og umhverfisins.

Nytjastofnasvið

Div. of Marine Stocks and Fisheries

HUMAR

Meginmarkmið humarrannsókna er að fylgjast með árlegum breytingum á aflasamsetningu humars eftir svæðum og í heild. Felur það einkum í sér athuganir á stærð og áætluðum aldri dýra í veiðinni, hlutfalli kynja, kynþroska, hrygningu og klaki. Þá er unnið úr aflaskýrslum humarbáta, en þar fást margvíslegar upplýsingar um gang veiðanna hverju sinni.

Í byrjun maí var farinn hefðbundinn humarleiðangur þar sem helstu veiðisvæði voru könnuð frá Lónsdjúpi í austri að Jökuldjúpi í vestri. Í leiðangrinum var aflasamsetning athuguð, aflamagn humars og allur aukaafli. Alls voru teknar 54 stöðvar í þessum leiðangri. Í útibúi Haf-rannsóknastofnunarinnar á Höfn í Hornafirði voru tekin humarsýni úr afla veiðiskipa og veiðieftirlitsmenn Fiskistofu söfnuðu einnig sýnum á miðunum. Auk þessa könnuðu starfsmenn Fiskistofu í sérstöku átaksverkefni útkast af humri um borð í fjölda humarbáta.

Niðurstöður rannsókna á humarsýnum ásamt upplýsingum úr aflaskýrslum humarbáta um afla og sókn voru notaðar við stofnmat og tillögur um leyfilegan hámarksafli á fiskveiðiárinu 1997/98.

Nýliðun í veiðistofn humars hefur farið versnandi á undanförunum árum, enda árgangarnir frá 1987-89 þeir lélegustu frá upphafi rannsókna. Þetta hefur m.a. leitt til þess að humarvertíðir árin 1995-97 hafa verið mjög slakar. Þannig varð humarafliinn 1997 aðeins rúm 1.200 tonn, en aflamark fiskveiðiársins var 1.500 tonn.

RÆKJA

Árið 1997 voru farnir fjölmargir leiðangrar til rannsókna á rækju. Meginmarkmiðið var eins og áður að afla gagna um stofnstærð og nýliðun

rækjunnar á þekktum veiðisvæðum. Samhliða rannsóknum á rækju er metinn fjöldi fiskungviðis í rækjuafli og aflað frekari gagna um þorsk, ýsu, grálúðu, síld og karfa. Rækjusýnum úr afla veiðiskipa var safnað af öllum veiðisvæðum og úr þeim unnin mánaðarleg yfirlit. Úr sýnunum fást upplýsingar um aldur og kynskiptingu rækju á hverju svæði auk vitneskju um hrygningar- og klaktíma. Einnig fengust margvíslegar upplýsingar úr veiðiskýrslum rækjuskipa. Flest þessara gagna voru notuð við gerð tillagna um leyfilegan hámarksafli á hverju veiðisvæði.

Úthafssvæði

Að þessu sinni var öll rannsóknin gerð á rs. Dröfn. Alls voru teknar 186 stöðvar á rannsóknarsvæðinu sem nær yfir djúpslóðina fyrir norðan og austan land á milli 200-700 m dýptarlínu frá Hala, austur og suður fyrir Rauða torgið. Eins og árið á undan var byrjað austast og syðst vegna hafiss norðvestanlands en þrátt fyrir það varð að sleppa fjórum stöðvum vegna íss. Alls hafa verið gerðar tíu sambærilegar stofnmælingar á úthafsrækju frá árinu 1988. Þessar rannsóknir veita nú þegar mikilvægar upplýsingar varðandi nýliðun og stofnvísitölu rækjunnar. Víða var árgangurinn frá 1993 enn sterkur og árgangurinn frá 1995 lofar einnig góðu en hann er hluti af nýliðunarsvitölunni.

Grunnslóð

Á þeim veiðisvæðum þar sem veiðarnar eru stundaðar frá hausti fram á vor eru venjulega gerðar tvær kannanir, að hausti skömmu fyrir rækjuvertíð og að vetri, oftast í febrúar. Tillögur um leyfilegan hámarksafli fyrir næstu vertíð eru lagðar fram á vorin. Þá er m.a. byggt á niðurstöðum úr fyrrgreindum haust- og vetrarkönnunum. Þessar tillögur eru síðan endurskoðaðar að lokinni haustrannsókn og aftur að lokinni vetrarkönnun.

Í *Arnarfirði* var vetrarvísitalan með lægra móti. Um haustið var mikil þorskgengd á firðinum og rækjan á minna svæði en vanalega. Þorsk- og ýsuseiði voru undir viðmiðunarmörkum. Árgangarnir frá 1990 (sjö ára rækja) og 1995 (tveggja ára rækja) voru mest áberandi í veiðinni.

Í *Ísafjarðardjúpi* mældist vetrar- og haustvísitalan lægri en undanfarin tíu ár. Mikil þorskgengd var á rækjuslóðinni um haustið og var nær engin rækja í Útdjúpi og Jökulfjörðum. Skötufirði var lokað framan af vertíð og Jökulfjörðum alla vertíðina þar sem þorskur og ýsa var langt yfir viðmiðunarmörkum. Tveggja ára rækjan, frá 1995 var all áberandi í veiðinni.

Í *Húnaflóa* mældist bæði vetrar- og haustvísitalan mun lægri en árið áður og vetrarvísitalan var nálega helmingi lægri en árið á undan. Um haustið var mikil þorskgengd á utanverðum flóanum og þorskseiði á

rækjusráðgjafi langt yfir viðmiðunarmörkum. Húnaflói var því ekki opnaður fyrir rækjuveiðum fyrr en að lokinni annarri könnun uppúr miðjum nóvember en þá hafði stærri fiskur aðskilið sig betur frá rækjunni og þorsk- og ýsuseiðum fækkað umtalsvert.

Í *Skagafirði* var stofnmatið heldur lægra en árið á undan, en þá var það í sögulegu hámarki. Lítið sem ekkert var um ungfisk á slóðinni um haustið og tveggja og fjögurra ára árgangarnir frá 1993 og 1995 voru mest áberandi í veiðinni.

Í *Skjálfanda* voru miklar sveiflur í niðurstöðum stofnmatsins. Um haustið var stofnvísitalan með því lægsta sem mælst hefur og einungis um fjórðungur af því sem hún hafði verið um veturinn. Ungfiskur einkum tveggja ára þorskur var þá á öllu svæðinu en gekk út af slóðinni þegar á leið. Tveggja og fjögurra ára árgangar rækju (frá 1993 og 1995) voru mest áberandi um haustið.

Í *Öxarfirði* var mjög góður rækjuafli einkum um vorið. Vetrarvísitalan var með því hæsta sem mælst hefur en haustvísitalan lægri en undanfarin þrjú haust. Tveggja, fjögurra og fimm ára árgangar rækju frá 1992, 1993 og 1995 voru þá mest áberandi og lítið var af þorsk- og ýsuseiðum á rækjusráðgjafi.

Eldeyjarsvæðið var kannað í byrjun júní. Að meðaltali fengust um 50 kg á togtíma. Vísitalan hafði fallið verulega og minnti um margt á hrúnið sem varð 1987, en næstu þrjú ár þar á eftir var nánast engin rækjuveiði á svæðinu. Aukin þorskgengd fremur en veiðar undanfarin ár hefur sennilega haft mikil áhrif á þessa þróun. Tveggja og fimm ára rækja frá 1992 og 1995 var mest áberandi í aflanum. Talsvert var af tveggja ára ýsu á svæðinu. Veiðar hófust um miðjan júní og var upphafskvótinn ákveðinn 500 tonn. Líkt og í fyrra var seiðaskilja notuð við veiðarnar.

Rækjumíðin í *Kolluál* og *sunnanverðum Breiðafirði* voru könnuð í byrjun maí. Afli í Kolluál var helmingi minni en í fyrra eða um 15 kg á togtíma. Þriggja ára rækja var mest áberandi. Smáfiskaskilja var áskilin við veiðarnar og því hæpið að þær hafi svarað kostnaði. Í *sunnanverðum Breiðafirði* var aflinn í rannsókninni ívið betri en á sama tíma í fyrra. Sökum þess hve rækjustofninn við Snæfellsnes stóð tæpt var lagt til að veiðar inni á Breiðafirði hæfust ekki fyrr en 15. maí og stæðu út júní. Saman við rækjuna var talsvert af fiski einkum fjögurra ára þorski og ýsu. Sem fyrr voru allar rækjuveiðar í Breiðafirði bundnar notkun seiðaskilju.

Norðurfirðir Breiðafjarðar voru síðast kannaðir í maí 1996 en við tilraunaveiðar á árinu 1997 fengust 400 kg á togtíma að jafnaði í apríl og maí. Rækjan var eins og vanalega mjög smá. Veitt var heimild fyrir áframhaldandi tilraunaveiðum á 50 tonnum fyrir fiskveiðiárið 1997-98.

Rækjuleit

Um miðjan janúar var farið í rækjuleit í *Eyjafförð* á mb. Víði Trausta EA 517 og voru tekin sjö tog innan grunnlínu. Rækja fékkst í tveimur togum, 71 og 157 kg á togtíma. Annars staðar fékkst lítið eða ekkert af rækju. Ekki þótti ástæða til að heimila rækjuveiðar í *Eyjafirði* á grundvelli þessara niðurstæðna. Í haustrannsókn fannst engin rækja í *Eyjafirði*.

Um miðjan júní var leitað rækju í *Pistilfirði* á mb. Öxarnúpi ÞH 162. Einungis fékkst rækjuvottur í einu togi af alls átta sem tekin voru innan grunnlínu í *Pistilfirði*.

HÖRPUDISKUR

Meginmarkmið með hörpudisksrannsóknum er að meta stærð stofnsins á hinum ýmsu veiðisvæðum. Til þess er árlega farinn leiðangur í Breiðafjörð en sjaldnar á önnur smærri veiðisvæði. Til mælinganna er notaður staðlaður hörpudisksplógur, en athuguð er aflasamsetning og magn hörpudisks auk meðafla. Ennfremur er unnið úr aflaskýrslum á hverju svæði. Niðurstöður úr stofnmælingum ásamt upplýsingum úr aflaskýrslum um afla og sókn eru notaðar við mat á stofnstærð og tillögur um leyfilegan hámarksafla á hverju veiðisvæði.

Í apríl fór fram stofnmæling á hörpudiski í Breiðafirði en þar að auki var mælt í Hvalfirði í október. Í kjölfar þeirrar rannsóknar hófust veiðar í Hvalfirði á ný eftir næstum 15 ára hlé. Auk þess voru starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar um borð í nokkrum skelbátum sem fengið höfðu tímabundin leyfi til tilraunaveiða. Veiðarnar í Breiðafirði gengu mjög vel og var aflinn árið 1997 um 8.500 tonn. Heildarafli hörpudisks á árinu varð hins vegar um 10.400 tonn sem er mesti afli síðan árið 1993.

KÚFSKEL

Á árinu var haldið áfram rannsóknum á kynþroskaferli kúfiskelja við landið. Sýnum var safnað í *Pistilfirði* og var megináhersla lögð á athugun á hrygningartíma skeljanna. Sýnataka hófst í byrjun árs en lauk með sviplepum hætti er Öðufellið, kúffiskveiðiskip Þórshafnarbúa, forst. Of fáar athuganir liggja fyrir til að hægt sé að draga einhverjar ályktanir um kynþroskaferlið og hrygninguna í *Pistilfirði*. Í lok ársins var aftur byrjað að safna sýnum á Vestfjörðum í tengslum við það að Flateyringar hófu á ný veiðar á kúfiskel.

Rannsóknir á nýliðun kúfiskelja við Ísland hófust árið 1996 og var sýnum safnað í *Eyjafirði* og fyrir utan Vestfirði til athugunar á magni og dreifingu ungra kúfiskelja og annarra lindýra á svæðinu. Úrvinnsla sýna úr *Eyjafirði* lauk á árinu og voru niðurstöður þær að ekki fannst marktækt samband á milli dýpis og fjölda ungra kúfiskelja, né heldur á milli fjölda einstaklinga annarra samlokutegunda og ungra kúfiskelja. Dreifing ung-

viðisins var háð kornastærð í botni og voru flestar skeljar að finna í meðalgrófum sandi (0,25-0,49 mm). Ungviði kúfiskelja fannst á fleiri svæðum í Eyjafirði en fullorðnar skeljar og er afrán hugsanleg skýring.

Unnið var úr aflaskýrslum og fylgst þannig með afla og sókn á ýmsum svæðum við landið.

BEITUKÓNGUR

Á árinu var lokið sýnatökum á föstum stöðum í Ísafjarðardjúpi og Breiðafirði (Kíðey) en þær hafa staðið samfellt einu sinni í mánuði í heilt ár. Sýnin hafa að mestu verið unnin og verða niðurstöður birtar innan skamms. Þá var farinn einn leiðangur í Breiðafjörð þar sem reynt var að meta stofnstærð (stofnvísitölu) beitukóns á ákveðnum svæðum með því að leggja gildrum og áætla þéttleika út frá afla. Alls voru 99 stöðvar teknar vítt og breitt um suðurhluta Breiðafjarðar. Ekki tókst að kanna nema hluta Breiðafjarðar í þessari atrennu, en þráðurinn verður tekinn upp aftur sumarið 1998 og þá verður einnig Ísafjarðardjúpi kannað í sama tilgangi.

Veidarnar voru stundaðar allt árið eða frá janúar til miðs desember, og sem fyrr var Breiðafjörður aðalveiðisvæðið. Þrjár bátar stunduðu veiðarnar allt árið, en flestir voru bátarnir sjö. Aðallega voru þetta litlir bátar en úthald þeirra takmarkast af veðrum og árstíma. Alls veiddust á árinu 1.284 tonn af beitukóni og var honum landað til vinnslu í Stykkishólmi. Veiðin fór upp í 100 tonn í mánuðunum maí og júní og mest rúm 300 tonn í september en fór síðan minnkandi og var rúm 30 tonn í desember. Í júlí var gert hlé á veiðum vegna breytinga á vinnslustöðinni í Stykkishólmi. Miðað við beitukónsveiðarnar sl. tvö ár má gera ráð fyrir að veiðitíminn standi frá því í maí og til loka nóvember, en þá minnka veiðarnar verulega.

Til að minnka veiðar á ókynþroska kuðungi er æskilegt að flokka aflann um borð í þar til gerðum flokkara, og sleppa undirmálskuðungi lifandi í sjóinn aftur.

ÍGULKER

Á árinu lögðust ígulkeraveiðar nánast af í landinu því aðeins veiddust 20 tonn, eingöngu á fyrri hluta ársins. Sem fyrr veiddist stærsti hlutinn í Breiðafirði eða 15 tonn, en 5 tonn fengust á Austfjarðamiðum (Seyðisfirði, Reyðarfirði og Berufirði). Mikilvægt er að veiðar leggist ekki alveg af, því alltaf tekur einhvern tíma að setja af stað vinnslu- og sölukerfi. Rannsóknnum verður haldið í lágmarki meðan þetta ástand varir og aðallega unnið úr eldri gögnum.

SÍLD

Á árinu 1997 voru farnir þrjár leiðangrar til síldarrannsókna, tveir til að kanna göngur og útbreiðslu norsk-íslensku vorgotssíldarinnar og um-

hverfisþætti í Austurdjúpi og Noregshafi, og einn til að kanna magn og útbreiðslu íslensku sumargotssíldarinnar, en stofnstærð hennar hefur verið mæld með bergmálsaðferð síðan 1973. Auk þess var hugað að norsk-íslenskri síld án árangurs fyrir Norðausturlandi í upphafi seiðaleiðangurs í byrjun ágúst.

Dagana 3.-23. maí var farinn leiðangur í Noregshaf til að kanna útbreiðslu og göngur norsk-íslensku síldarinnar í tengslum við umhverfisþætti (sjávarhita og fæðu). Athugunarsvæðið náði frá 63°10'N í suðri að 67°N í norðri, milli 8°V og 0°. Lítið fannst af síld syðst á svæðinu en norðar varð síldar víðast vart milli 5-6°V sunnan 66°N og austan 4°30'V og 3°V norðar. Þéttastar voru lóðningarnar kringum 65°15'N milli 4°V og 4°30'V og á 66°15'N milli 1°V og 3°V. Stærsta síldin var vestast og nyrst á svæðinu en engin síld virtist ganga inn í íslenska fiskveiðilögsögu á þessum tíma.

Dagana 3.-14. júní var annar síldarleiðangurinn farinn og var nú lögð áhersla á að kanna vestanverða „síldarsmuguna“ og austasta hluta íslensku fiskveiðilögsögunnar eða frá 64°30'N að 68°10'N milli 7°30'V og 4°V sunnan 66°N og milli 7° og 6°30'V norðan 66°N. Einnig var svæðið frá 68°N að 68°20'N milli 4°V og 0° kannað. Sunnan 66°10'N fannst dreifð síld alls staðar í eða nálægt yfirborði og aðeins austast á svæðinu varð vart við nokkrar torfur á 100-150 m dýpi. Norðan 66°10'N fannst aðeins dreifð síld í yfirborði austast á athugunarsvæðinu. Engar síldarlóðningar fundust innan íslensku fiskveiðilögsögunnar en oft fengust frá nokkrum síldum upp í nokkur hundruð er togað var með flotvörpu í yfirborði þannig að eitthvað af dreifðri síld gekk inn í lögsöguna. Eins og fyrr var stærsta síldin vestast og nyrst á athugunarsvæðinu.

Þann 16. nóvember var haldið til loðnurannsókna en í upphafi leiðangurs var síld mæld sem frést hafði af á Eldeyjarbanka og suðvestur af Eldey. Það æxlaðist síðan á þann veg að ekkert varð úr loðnurannsóknum í þessum leiðangri en síldin var látin hafa forgang. Lauk leiðangrinum 12. desember. Eftir mælingarnar á síldinni við Suðvesturland var smásíld mæld í Kolluál og á Jökulbanka við erfiðar aðstæður og síðan í fjörðum og flóum norðanlands. Þaðan var haldið á síldarmiðin fyrir Austurlandi. Vegna þess hve lítið fannst af stóru síldinni var leitað víða fyrir Austur- og Suðausturlandi og inni á fjörðum en án árangurs. Aftur á móti fannst smásíld (kræða) víða, m.a. á Héraðsflóa, á Lónsbugt, við Stokksnes, í ofanverðu Breiðamerkurdjúpi og skammt vestan við Ingólfshöfða, auk þess sem nokkuð fannst af smásíld við Hrollaugseyjar. Seinast í leiðangrinum var aftur komið við á Eldeyjarbanka og smásíld (kræða) endurmæld í Kolluál og á Jökulbanka.

Ekki hefur fengist haldbær skýring á því hvers vegna svo lítið fannst af

eldri síldinni sem raun bar vitni. Annað hvort var dreifing hennar og hegðun þannig að ekki tókst að finna hana alla, eða stofninn er minni en áætlað var. Kemur hið sanna væntanlega í ljós við frekari rannsóknir og úttekt á stærð stofnsins. Mjög mikið var af ársgamalli smásíld og má vænta þess að þar sé stór árgangur í uppsiglingu.

Til þess að safna gögnum um vöxt, kynþroska og aldur síldar er tekinn fjöldi sýna úr afla rannsókn- og veiðiskipa á hverri vertíð. Sýnum er einnig safnað utan hefðbundinnar vertíðar svo sem kostur er. Sýnin eru ýmist unnin um borð í rannsóknaskipunum, á Hafrannsóknastofnuninni, eða í útibúunum, en þau eru aldursgreind í Rannsóknastöðinni í Sandgerði. Upplýsingar um fjölda veiddra sílda eftir aldri, kynþroska og þyngd, ásamt niðurstöðum bergmálmælinga á stofnstærð eru notaðar þegar gerðar eru tillögur um afla á komandi vertíð.

Sveppasýking í síld við Ísland

Alls voru rannsakaðar 1.339 síldar úr stofni íslensku sumargotssíldarinnar í þeim tilgangi að fylgjast með tíðni sýkingar af völdum sníkilsins *Ichthyophonus hoferi*. Tíðni sýkingarinnar var mjög lág, því einungis fannst ein sýkt síld (0,07%). Síðan þessar rannsóknir hófust árið 1992 hefur tíðnin verið á bilinu 0,1-0,2% í síld sem er 25 cm eða stærri.

Úr norsk-íslenska síldarstofninum voru rannsakaðar 1.300 síldar í sama tilgangi. Tíðni sýkingar af völdum *Ichthyophonus* reyndist vera 2,4% í síld sem var 25 cm og stærri. Árið 1996 var tíðni sýkingarinnar 1,9% en 3,1% árið 1995.

LOÐNA

Haustið 1996 tókst mæling á veiðistofni loðnunnar vel og var því ekki talin þörf á að mæla stofninn aftur í janúar 1997 fyrir Austfjörðum eða Suðausturlandi eins og stundum hefur verið gert.

Að venju var fjöldi og útbreiðsla loðnuseiða og ársgamallar loðnu kannaður í árlegum seiðarannsóknum í ágúst. Mjög mikið var af loðnuseiðum og einnig var fjöldi ársögmlu loðnunnar umtalsverður enda þótt ekki hafi tekist að kanna allt útbreiðslusvæði hennar að fullu.

Dagana 1.-24. nóvember var gerð hin árlega mæling á stærð veiðistofnsins. Rannsóknirnar hófust úti af Vestfjörðum en vegna ótíðar á þeim slóðum sem fyrirsjáanlegt var að haldast myndi í nokkra daga var haldið austur fyrir land. Þaðan hófst mælingin rangsælis umhverfis landið uns henni lauk þar sem frá var horfið úti af Vestfjörðum. Loðnan var dreifð yfir mjög stórt svæði eða næstum óslitið með kantinum frá Glettinganesi að austan að Víkurál að vestan. Þessi útbreiðsla líkist mjög útbreiðslu loðnunnar undanfarin þrjú ár. Minna bar á blöndun fullorðnu loðnunnar

og unglöðnunnar en árið 1996 þannig að dreifing loðnunnar og hegðun voru hagstæð til mælinga. Aftur á móti var veður slæmt til mælinga fyrir vestanverðu Norðurlandi, þar sem mest var af kynþroska loðnu, og úti fyrir Vestfjörðum þar sem rekis var einnig til trafala. Fjöldi ársgamallar smáloðnu var mun minni en búist var við og talsvert minni en mældist í ágúst. Fjöldi fullorðinnar kynþroska loðnu var svipaður því sem búist var við og spáð hafði verið. Var því lagt til að leyfilegur hámarksafli á vertíðinni 1997-98 yrði óbreyttur frá fyrri tillögu eða 1.265 þúsund tonn.

Til að safna gögnum um vöxt, þyngd, kynþroska, aldur og fjölda veiddra loðna eftir aldri er tekinn fjöldi sýna úr afla veiði- og rannsóknaskipa á hverri vertíð. Upplýsingar um kynþroska og þyngd ásamt niðurstöðum bergmálmælinga á ókynþroska loðnu eru notaðar þegar gerðar eru tillögur um upphafskvóta í byrjun vertíðar. Endanlegar tillögur um leyfilegan hámarksafli eru svo gerðar eftir að niðurstöður úr bergmálmælingum á stærð veiðistofnsins að hausti eða vetri eru fengnar.

ÞORSKUR

Stofnstærð og afli

Þetta langtímaverkefni er fólgið í því að meta stofnstærð þorsks og reikna út þróun stofnstærðar næstu ár. Haldgóð vitneskja um ástand þorskstofnsins og veiðihorfur skiptir hvað mestu fyrir hagkvæma nýtingu hans.

Sýni eru tekin úr afla mismunandi veiðarfæra árið um kring. Fjöldi sýna, bæði kvarna og lengdarmælinga, byggist á ákveðinni áætlun þar að lútandi. Gagna var aflað í verstöðvum og úr lönduðum afla báta og togara. Þá fengust einnig gögn frá veiðieftirlitsmönnum um borð í fiskiskipum og frá útibússtjórum Hafrannsóknastofnunarinnar. Gagnasöfnun er fólgin í söfnun kvarna til aldursgreiningar, ákvörðun kyns og kynþroska til útreikninga á stærð hrygningarstofns, ásamt lengdarmælingum. Afla- og sóknartölur voru fengnar frá Fiskifélagi Íslands, Fiskistofu og úr afladagbókum báta og togara. Út frá þessum gögnum er fjöldi veiddra (landaðra) þorska eftir aldri metinn.

Stofnstærð þorsks er síðan reiknuð út með endurbættri aldursafلاغreiningu og niðurstöður bornar saman við aðra aðferð, svokallaða tímaraðagreiningu. Með þessum aðferðum er unnt að nota vísitölur um stærð einstakra aldursflokka sem fást úr stofnmælingu botnfiska og afladagbókum fiskiskipa (veiðiskýrslum) til að meta veiðidánarstuðla í stofninum. Þegar bornir eru saman veiðidánarstuðlar reiknaðir með báðum aðferðum er munurinn lítill og innan tölfræðilegra öryggismarka. Í nýjasta stofnmati gefa niðurstöður tímaraðagreiningar ívíg lægri veiðidánarstuðla fyrir eldri þorsk og hærri dánarstuðla fyrir yngri þorsk heldur en aldurs-aflagreiningin.

Stofnstærð þorsks var metin um 975 þúsund tonn í árslok 1997 og hrygningarstofns um 447 þúsund tonn á hrygningartíma 1997. veiðidánarstuðlar hafa lækkað mikið, úr 0,90 árið 1993 í 0,48 árið 1997. Þessi mikla sóknarminnkun í kjölfar víðtækra aflatakmarkana hefur leitt til þess að veiðistofn er enn að vaxa eftir að hafa komist í sögulegt lágmark árið 1992. Þar sem nýliðun í stofninn hefur verið óhagstæð um árabíl er endurreisn hans fyrst og fremst að þakka verndun undanfarinna ára. Þar sem aðeins einn árgangur í veiðunum nú nær meðalstærð (árgangur 1993) þá mun veiðistofninn vaxa lítið á næstu árum nema nýliðun skáni frekar. Há seiðavísitala 1997 bendir til þess að árgangur 1997 geti verið af meðalstærð eða jafnvel yfir meðallagi. Seiðamælingin er hins vegar ekki mjög nákvæm og ríkir því enn óvissa um raunverulegan styrk þessa árgangs.

Samkvæmt aflareglunni í þorskveiðum, þar sem aflinn er miðaður við 25% af meðalstærð veiðistofns þorsks í upphafi árs og upphafi þess næsta, var aflinn fyrir fiskveiðiárið 1997/98 ákveðinn 218 þúsund tonn.

Þorskklak- og hrygningarrannsóknir

Meginmarkmið rannsókna á klaki og hrygningu þorsksins er að fylgjast með tímasetningu og lengd hrygningartíma hjá einstaka aldurs og/eða stærðarhópum, ásamt því að meta framlag þessara hópa til hrygningarinnar með því að ákvarða frjósemi þeirra og bera saman lífslíkur hrognna og lirfa sem frá þeim koma.

Áhersla var lögð á úrvinnslu og samantekt gagna á þessu ári. Tekin voru saman gögn um áhrif stærðar, aldurs og ástands hrygna á stærð og lífslíkur eggja og lirfa. Lokið var við gerð líkans er lýsir tengslum á milli samsetningar hrygningarstofns og nýliðunar. Vinnan við líkanið fór fram í samvinnu við Kristján Þórarinsson hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Á árinu lauk einnig samstarfsverkefni á vegum Evrópusambandsins. Þetta verkefni var unnið í samstarfi við Skota, Dani og Norðmenn og fjallaði um nýliðun þorsks og ýsu.

Að auki var fylgst með hrygningu þorsks á meginhrygningarsvæðunum við suðvesturhornið. Áhersla var lögð á að kanna eftirfarandi atriði:


- aldurs- og stærðarsamsetningu hrygningarþorsks;
- tímasetningu hrygningar og lengd hrygningartímans hjá einstaka aldurs- og stærðarhópum;
- frjósemi og hrognaframleiðslu hrygna af mismunandi stærð, aldri og ástandi;
- hlutfall hrognna sem er hrygnt. Á árinu var sett upp aðstaða til athugunar á vefjasýnum til þess að meta hlutfall þeirra hrognna sem ná ekki fullum þroska og er ekki hrygnt.

Söfnun gagna hófst í febrúar og stóð fram í maí. Sýnum var safnað í

fiskvinnsluhúsum, fiskmörkuðunum í Þorlákshöfn og Grindavík og í þremur leiðöngrum á rs. Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni. Með þessu móti fengust upplýsingar um hrygningarþorsk á grunnmiðum frá Þrídröngum að Selvogi, og norðvestur af Garðskaga og einnig lengra frá landi á Selvogsbanka, í Grindavíkurdjúpi og í Jökuldjúpi.

Fæðuframboð hefur áhrif á frjósemi þorsksins

Þorskurinn er mjög frjósöm skepna. Stærstu hrygnurnar geta framleitt allt að 22 milljónir hrognna sem þær losa út í áföngum á margra vikna tímabili. Minnstu hrygnurnar hrygna aðeins 600-800 þúsund hrognnum og eru þær því mun fljótri að losa sig við þau. Samfara hrygningarrannsóknnum hefur verið fylgst með frjósemi þorsksins síðan 1995, en einnig eru til eldri mælingar Gunnars Jóakimssonar frá 1960 (Kieler Meeresforsch. 25:172) og Sigfúsar Schopka frá 1967 (Ber. dt. wiss. komm. Meeresforsch. 22:31-79) (8. mynd). Gunnar Jóakimsson hafði ekki sýni úr mjög stórum fiskum en frjósemi þess þorsks sem hann mældi árið 1960 er lík því sem er um þessar mundir. Hinsvegar er athyglisvert að frjósemi þorsksins árið 1967 var mun lægri en nú er. Þetta er sérstaklega áberandi hjá stærri hrygnum.



8. mynd. Frjósemi þorsks árin 1960, 1967 og 1996. Mælingarnar frá 1960 eftir Gunnari Jóakimssyni (Kieler Meeresforsch. 25:172) en 1967 eftir Sigfúsi Schopka (Ber. dt. wiss. komm. Meeresforsch. 22:31-79).

Við túlkun á þessum niðurstöðum skal haft í huga að umhverfisáðstæður voru óhagstæðar árið 1967. Tímabilið frá 1965 til 1971, oft nefnt hafísárin, einkenndist af lágum sjávarhita og mikilli útbreiðslu hafíss. Magn rauðátu var einnig lágmarki þessi ár, síldarstofnarnir hrundu og talið er að


lítið hafi verið um loðnu. Því má reikna með að framboð fæðu fyrir þorskin hafi verið með minnsta móti og að ástand hans hafi verið lélegt.

Rannsóknir á frjósemi þorsks undanfarin ár benda til að ástand fiskins hafi mjög mikil áhrif á heildarframleiðslu hrognna. Það er t.d. sérstaklega áberandi hversu náíð samband er á milli frjósemi og stærðar lifrar. Í Barentshafi hefur einnig verið sýnt fram á náíð samband á milli stærðar loðnustofnsins og ástands lifrar hjá þorski. Talið er fullvíst að fæðuframboð og þar á meðal stærð loðnustofnsins geti haft mikil áhrif á frjósemi þorsksins.

Merkingar

Tilgangur merkingartilraunanna er að fylgjast með atferli kynþroska þorsks á hrygningarstöðvunum. Aðaláhersla hefur verið lögð á merkingartilraunir þar sem notuð eru bæði hefðbundin merki og rafeindamerki. Árið 1997 voru 2.358 þorskar merktir með hefðbundnum merkjum, þar af voru 269 einnig merktir með rafeindamerkjum. Rafeindamerkin voru af tveimur gerðum, svonefnd DST 200-merki og nýrri gerð, DST 300-merki, sem þróuð hafa verið í samnorrænu verkefni sem styrkt er af Norrænu ráðherranefndinni. Nýju merkin eru minni en þau eldri og auk hita og dýpis er einnig hægt að mæla með þeim halla. Það að geta fylgst með halla fiskins getur auðveldað rannsóknir á endurvarpsstuðlum, en endurvarpið er mjög háð stöðu fiskins í sjónum.


Þótt merkingar með nýjum gerðum af merkjum séu áhugaverðar má ekki gleyma því að hefðbundnar merkingar eru mjög mikilvægar og gildi þeirra minnkar ekki með tilkomu nýju merkjana. Þvert á móti er líklegt að meiri árangur náist með því að blanda saman nýjum og gömlum aðferðum.



9. mynd. Þorsklirfur týndar úr sýni (ljósmýnd Tómas Gíslason).

Þorsklirfur í mynni Breiðafjarðar

Í júní var gerð tilraun til að fylgja eftir þorsklirfuflekk og mæla ýmsa þætti sem hafa áhrif á afkomu lirfanna, svo sem ástand þeirra og fæðuframboð. Í þessu skyni voru farnir tveir leiðangrar á svæðið suðvestur og vestur af landinu og lirfum safnað í svonefndan Tucker-háf, en hann er 8-10 m langur með 4 m² opi. Í lok júní fannst svo lirfuflekkur út af Breiðafirði. Á 10. mynd er sýnd útbreiðsla þorsklirfa í mynni Breiðafjarðar með sjö daga millibili í lok júní 1997.



10. mynd. Útbreiðsla þorsklirfa og -seiða út af Breiðafirði sumarið 1997, 21.–25. júní (A) og 30. júní – 2. júlí (B). Myndin sýnir fjölda lirfa í 1000 m³ og punkturnir tákna athugunarstöðvar.

Þorsklirfur og -seiði mynduðu stóran flekk í mynni Breiðafjarðar og var mesti þéttleikinn rétt suður af Látrabjargi. Á meðan rannsóknirnar stóðu yfir færðist flekkurinn í norður og meðalþéttleikinn jókst um 40%, aðallega vegna þess að smáar lirfur bættust við hann. Dagleg afföll á sjö daga tímabili voru um 10%. Skoðað var í maga lirfanna og reyndist aðalfæða smærrilirfanna vera egg krabbadýra en stærri lirfur og seiði átu aðallega smá krabbadýr og loðnulirfur.

Skammtímabreytingar á þorsklirfuflekk

Nýrri rannsókn á afkomu þorsklirfa og -seiða í náttúrulegu umhverfi var hleypt af stokkunum (sjá rammagrein). Tilgangurinn er að mæla innan sama þorsklirfuflekks skammtímabreytingar á ýmsum þáttum sem hafa áhrif á dánartíðni og vaxtarhraða lirfanna. Sérstaklega var reynt að mæla breytingar á fjölda, vexti og ástandi, fæðuframboði, fæðuvali, aldursdreifingu og afföllum lirfanna.

Til að sinna þessum rannsóknum voru í júní farnir tveir leiðangrar með

um sex daga millibili. Til að safna þorsklirfum var notaður svonefndur Tuckerháfur, 8–10 metra langur með 4 m² opi. Gerð var tilraun til að breyta háfnum þannig að hægt væri að taka átusýni úr sama umhverfi og fiskklirfurnar. Í því skyni var festur fínriðinn átupoki í efra byrði háfsins.

Sýnatökusvæðið náði frá Vestmannaeyjum að Dýrafirði og voru tekin sýni á um 70 stöðvum í fyrri leiðangrinum og 25 stöðvum í þeim seinni. Gagnasöfnun gekk vel og veiddust rúmlega 3.000 þorsklirfur og -seiði og um 200 ýsuseiði í hvorum leiðangri. Einnig gekk vel að safna átusýnum.

Stofnerfðarannsóknir á þorskfiskum

Aðaltilgangur verkefnisins er að greina skyldleika og stofngerð fjögurra þorskfiskategunda (þorsks, kolmunna, lýsings og dvergþorsks) með erfðafræðilegum aðferðum. Þá verða ýmsar erfðafræðilegar og tölfræðilegar aðferðir notaðar til að meta náttúrulega stofnstærð út frá erfðagögnum. Vonast er til að hægt verði að nota niðurstöðurnar á aðrar fiskitegundir með svipaða lífsögu og að þær geti komið að notum í sambandi við stofnmat. Verkefnið er samvinnuverkefni fimm aðila, Hafrannsóknastofnunarinnar og fjögurra erlendra rannsóknastofnana, og er styrkt af Evrópusambandinu.

Verkefnið er áætlað til fjögurra ára. Það hófst formlega 1. október 1996, en sýnatakan hófst þó fyrr (vorið 1994) í samvinnu við merkinga-, klak- og hrygningarrannsóknir á þorski. Á árinu 1997 var 600 þorskasýnum safnað á hrygningar- og fæðusvæðum við Ísland: í Loftstaðahrauni, Kantinum við Dyrhólaey (hrygningarsvæði) og út af Austfjörðum (fæðusvæði). Aðrir þátttakendur hafa safnað þorska-, dvergþorska-, lýsings- og kolmunnasýnum frá öðrum hafsvæðum í Norðaustur-Atlantshafi. Samhliða vefja- og blóðsýnum er safnað gögnum um kyn, kynþroska, þyngd, lengd og aldur fiskanna og verða þær upplýsingar notaðar samhliða arfgerðargögnum í tölfræðiúrvinnslu.

Í rannsóknunum eru prótein og DNA erfðamörk rannsökuð. Á árinu 1997 var DNA einangrað úr 1.112 þorska- og dvergþorskasýnum. Þá var blóðrauði úr 600 þorskasýnum frá Íslandi greindur og byrjað að skima fyrir 11 DNA erfðamörk í þorski.

ÝSA

Gagnasöfnun, stofnstærð og afli

Markmið ýsurannsókna er að fá árlegt mat á stærð stofnsins svo og að spá um þróun hans nokkur ár fram í tímann. Þannig leitast Hafrannsóknastofnunin við að veita veiðiráðgjöf svo nýta megi stofninn skynsamlega.

Stofnstærðarútreikningar eru bæði byggðir á sýnum sem safnað er úr afla svo og í rannsóknaleiðöngnum (stofnmælingar botnfiska o.fl.). Á árinu 1997 voru alls lengdarmældar tæplega 130 þúsund ýsur og aldursgreindir tæplega 13 þúsund fiskar. Þessi gagnasöfnun er í svipuðum farvegi og var árið 1996,

nema nú voru mældar nokkuð færri ýsur, enda árið 1996 metár hvað mælingar varðar. Um þriðjungur þessara lengdarmælinga er úr stofnmælingum botnfiska, 35 þúsund í mars (SMB) og 11 þúsund að hausti (SMH). Sama hlutfalli kvarna af heild var safnað í þessum stofnmælingaleiðöngnum eða liðlega fjögur þúsund. Liðlega helmingur af öllum lengdarsýnum (tæp 60 þúsund) er úr afla veiðiskipa, ýmist tekin um borð í veiðiskípum á sjó eða í verstöðvum rétt eftir löndun. Sama hlutfalli af kvörnum (liðlega sjó þúsund) var safnað úr afla veiðiskipa. Sá hluti lengdar- og kvarnasýna sem ekki er gerð grein fyrir að framan er ýmist aflað í leiðöngnum rannsóknaskipa og/eða leiðöngnum sem farnir eru með veiðiskípum í ýmsum tilgangi.

Við stofnstærðarútreikninga er notast við gögn um sókn og afla sem aðrir aðilar sjá um að safna, þ.e. Fiskifélag Íslands og Fiskistofa. Þá eru og notaðar upplýsingar um ýsuafla á sóknareiningu úr veiðiskýrslum fiskiskipaflotans. Við útreikningana hefur verið notuð aldurs-aflagreining (XS-greining). Með þeirri aðferð er m.a. unnt að nota vísitölur um stærð einstakra aldursflokka úr stofnmælingu botnfiska en slíkt styrkir mjög hið endanlega stofnstærðarmat.

Í upphafi árs 1997 er stærð veiðistofns ýsu (þriggja ára og eldri) metin 145 þúsund tonn og hrygningarstofninn 100 þúsund tonn. Ýsustofninn er talinn í þokkalegu ástandi. Veiðistofninn er talinn munu stækka verulega á árinu 1998 enda bætist þá í hann stór árgangur frá 1995.

Ýsa á grunnslóð undan Suðurlandi

Í júlí og nóvember var farið í tvo leiðangra á grunnslóð sunnanlands með togbát. Þessir leiðangrar eru farnir árlega til að kanna ástand á friðuðu beltum sem er fyrir allri suðurströndinni og safna ýsugögnum innan fjögurra sjómílna markanna frá Þorlákshöfn austur að Hrollaugseyjum.

Aflabrögð 1997 voru góð bæði sumar og haust. Ýsugengd hefur aukist mjög við Vestmannaeyjar og einnig við Ingólfshöfða og á Dyrhólaeyjar-svæðinu eftir friðunina, en lélegur afli hefur hinsvegar verið viðvarandi í fjörunni vestur af Eyjum allt til Þorlákshafnar þrátt fyrir friðun. Komið hefur í ljós að vöxtur ýsu eftir svæðum á grunnslóð fyrir suðurströndinni er mjög misjafn, á ákveðnum svæðum vex ýsa mjög treglega ár eftir ár og öfugt á öðrum. Til að fá skýringu á þessu fyrirbæri var farið að rannsaka magainnihald ýsu í áður nefndum leiðöngnum við suðurströndina. Fyrstu niðurstöður benda til þess að mismunandi fæða og fæðuframboð á svæðunum valdi umræddum mismun í vexti eftir svæðum.

KARFI

Gullkarfi - djúpkarfi

Meginmarkmið karfarannsókna er að fylgjast með breytingum á veiðiþoli og aflasamsetningu karfastofna. Gögnum var safnað allt í kringum landið,

bæði á hefðbundinn hátt úr lönduðum afla, svo og af veiðieftirlitsmönnum um borð í fiskiskipum. Í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) var einnig safnað mikilvægum gögnum um gullkarfa, en sú mæling virðist gefa marktækar niðurstöður um ástand gullkarfa á Íslandsmiðum. Hinsvegar gefur hún ekki marktækar vísbendingar um þróun djúpkarfastofnsins. Vonir eru bundnar við að annað stofnmælingaverkefni, stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH), muni í framtíðinni gefa upplýsingar um þróun karfastofna á Íslandsmiðum.

Aðgreining afla eftir tegundum er grundvallarforsenda fyrir áreiðanlegri úttekt á veiðipoli fiskistofna. Þrátt fyrir að reglur kveði á um að landa skuli karfa eftir tegundum er víða misbrestur á því. Því hefur þurft að beita óbeinum aðferðum við að greina karfaafllann í tegundir. Undanfarin ár hefur aflinn verið greindur eftir aðferð sem byggir á upplýsingum úr afladagbókum togara, svo og á sýnum sem tekin hafa verið úr afla. Samkvæmt niðurstöðum þessara athugana hefur hlutfall djúpkarfa í heildar karfaaflla aukist verulega á undanförunum árum.

Niðurstöður karfarannsóknna Hafrannsóknastofnunarinnar voru mikilvægustu gögnin við úttekt á gullkarfa og djúpkarfa, bæði hér heima og í vinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Samkvæmt úttektinni hefur verulegur samdráttur orðið í veiðistofni beggja tegunda undanfarin ár, og einnig hefur afli á sóknareiningu dregist saman. Þó virðist sem aukinnar nýliðunar sé að vænta á komandi árum í báðum stofnunum. Hafrannsóknastofnunin lagði til að draga úr veiðum á djúpkarfa og að auka ekki veiðar á gullkarfa.


Samspil karfastofna

Á 11. mynd er sýnt á táknrænan hátt hvaða vandamál er við að eiga varðandi aðgreiningu karfastofna á svæðinu A-Grænland/Ísland/Færeyjar. Alls er talið að um 5-6 karfastofna geti verið að ræða á þessu svæði. Ef litid er á myndina má hugsa sér að efst til hægri sé Reykjanes og að myndin sýni þversnið af sjónum (og að hluta til botninum) sem nái um 400 sjómílur suðvestur frá landinu.

Grynnst við suðvesturströndina er litli karfi algengasta karfattegundin. Það er eina tegundin við landið sem ekki er talin deilast í fleiri stofna.

Gullkarfi er einn af okkar mikilvægustu karfastofnum og er algengasti karfastofninn á 150-400 metra dýpi við Suðurland að Vesturlandi og einnig á öðrum veiðisvæðum karfa við landið. Fram til þessa hefur verið talið að „aldamótakarfi“ eða „risakarfi“ sé af sama stofni, að einungis sé um að ræða gamla einstaklinga af gullkarfa. Nýjar vísbendingar byggðar á erfðarannsóknnum benda hins vegar til að aldamótakarfi geti verið sérstakur stofn.

Sá karfastofn sem veiðist á mestu dýpi við landgrunnið er djúpkarfi (11. mynd). Hann veiðist aðallega á 450-650 metra dýpi úti fyrir suður- og vestanverðu landinu, en einnig við Suðaustur- og Austurland.



11. mynd. Hugsanleg tengsl karfastofna á hafsvæðinu suðvestur af Reykjanesi.

Útan landgrunnins er veitt úr karfastofnum sem hafa sama tegundanafn og djúpkarfinn á landgrunni Íslands. Þó er talið hugsanlegt að þar sé um fleiri en einn stofn að ræða. Íslendingar hafa stundað úthafskarfaveiðar frá árinu 1989. Sú þróun hefur orðið frá því að þessar veiðar hófust, að á síðustu árum hefur verið togað á mun meira dýpi en var fyrstu árin. Þessi þróun hefur orðið bæði vegna bættrar veiðitækni og ekki síst vegna þess að þekkingu á útbreiðslu stærri karfa, sem heldur sig dýpra og flokkaður hefur verið sem djúpkarfi, hefur fleygt fram. Því hafa menn haft af því verulegar áhyggjur, að við „úthafskarfaveiðar“ séu í raun stundaðar veiðar á djúpkarfa sem hugsanlega gæti verið af sama stofni og karfinn sem veiddur er hér við land samkvæmt kvóta.

Lítið er vitað um hvernig samspili úthafskarfa og djúpkarfa er háttað, en frá árinu 1995 hefur verið unnið að því að svara þeirri spurningu með erfðarannsóknnum.

Úthafskarfi

Mikil óvissa hefur ríkt um samspil karfastofna í Grænlandshafi og nálægum hafsvæðum (11. mynd). Á árinu var haldið áfram samvinnuverkefni Hafrannsóknastofnunarinnar og LÍÚ um sýnatöku við úthafs-

karfaveiðar. Verkefnið er liður í að fá svar við því hvort stofnar djúpkarfa í Grænlandshafi og á Íslandsmiðum séu einn eða fleiri. Einnig er mikilvægt að heildarmynd fái af útbreiðslu karfastofna á svæðinu A-Grænland-Ísland-Færeyjar. Safnað var hátt í 100 sýnum á árinu og var heildarfjöldi fiska vel á sjöunda þúsund. Þær upplýsingar sem fengust eru mikilvægar til að aðgreina úthafskarfa og djúpkarfa í afla veiðiskipa.

Niðurstöðurnar sem nú liggja fyrir benda til að mikill breytileiki sé á tegundasamsetningu bæði eftir dýpi og tíma. Það hefur m.a. komið í ljós að á svæðinu suður af Íslandi er hlutfall djúpkarfa í veiðum einna hæst í byrjun vertíðar.

Stofnerfðarannsóknir á karfa í Grænlandshafi og við Ísland

Unnið var við að rannsaka tíðni fjölgerða genaseta í úthafs- og djúpkarfa (*Sebastes mentella*) í Grænlandshafi og suðvestur af Íslandi með erfðafræðilegum aðferðum. Tilgangurinn er að kanna hvort úthafs- og djúpkarfi séu erfðafræðilega aðskyldir stofnar og einnig hvort um fleiri en einn stofn djúpkarfa sé að ræða, annan í Grænlandshafi en hinn í köntunum suður og vestur af landinu. Verkefnið tengist rannsóknum Hafrannsóknastofnunar á útbreiðslu og líffræði karfa í Grænlandshafi og nálægum hafsvæðum og jafnframt karfarannsóknunum Norðmanna. Það er fjármagnað af Hafrannsóknastofnuninni, en einnig hafa fengist styrkir frá flestum útgerðum skipa sem eru með karfakvóta á Íslandsmiðum og frá Tæknisjóði Rannís.

Sýnatöku vegna úthafs- og djúpkarfa lauk vorið 1997. Í júlí 1997 var auk þess safnað 75 karfasýnum á línuskipinu Hrannari HF-346 út á Reykjanes hrygg. Alls hafa nú verið tekin sýni úr 5.352 körfum. Samhliða vefja- og blóðsýnum er safnað gögnum um kyn, kynþroska, þyngd, lengd og aldur karfans og verða þær upplýsingar notaðar samhliða arfgerðargögnum í tölfræðiúrvinnslu. Undirbúningsvinnu og þróun aðferða er nú lokið og skimun karfasýna í fullum gangi.

Á árinu voru frumniðurstöður um breytileika í blóðrauða- og ensím-arfgerðum kynntar á fundi Alþjóðahafrannsóknaráðsins, en þær benda til að úthafs- og djúpkarfi séu aðskyldir stofnar.


HROGNKELSI

Veiðidagbækur grásleppuveiðibáta eru mikilvæg heimild. Formenn á gráslepputrillum hafa skilað skýrslum í um tvo áratugi en það er fyrst nú í ár að allir smábátar á veiðum við Ísland eru orðnir skýrsluskyldir.

Á árinu var farið yfir gagnagrunn stofnunarinnar um grásleppu svo að hægt verði að nota hann í reglubundnu stofnmati. Í ljós kom að gott samhengi er á milli gagna um veiðarnar og vístölu stofnstærðar grásleppu sem fæst í togararalli á landgrunninu umhverfis Ísland í marsmánuði áður

Hrognkelsamerkingar

Hrognkelsin klekjast út við ströndina, eyða fyrsta vetrinum rétt við landsteinana, en halda síðan til hafs í fæðuleit. Lítið er vitað um ferðir hrognkelsa í úthafinu, en til þess að rannsaka þær voru merkt hrognkelsi sem komu í veiðarfæri í leiðöngrum stofnunarinnar. Alls var merkt 341 hrognkelsi, rúm þrjú hundruð í síldarleiðangri í Austurdjúpi í júní, en afgangurinn í seiðaleiðangri í ágúst. Merkingarnar fara fram í samvinnu við Norðmenn sem merktu á árinu tæplega 1.700 kynþroska hrognkelsi við Norður-Noreg og tæplega 1.000 ungfiska í leiðöngrum sumarsins. Á 12. mynd eru sýndir sleppingastaðir og lengdardreifingar merktra hrognkelsa í íslensku og norsku leiðöngrunum árið 1997.



12. mynd. Merkingarstaðir og lengdardreifingar hrognkelsa árið 1997. Merkingarstaðir í íslenskum leiðöngrum eru táknaðar með hring, en í norskum leiðöngrum með ferningi. Stærð tákna gefur til kynna fjölda merktra fiska á stöð. Svörtu súlurnar sýna lengdardreifingu merktra hrognkelsa í íslensku leiðöngrunum, en þær hvítu lengdardreifingu í norsku leiðöngrunum.

en vertíð hefst. Bæði gagnasöfnin sýndu ótvíræð hættumerki, afli á sóknareingu árið 1996 var í sögulegu lágmarki og því var varað sterklega við því að auka grásleppuveiðar. Hins vegar komu fram vísbendingar í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB) um að ástandið væri að skána, nokkuð sem kom á daginn á vertíðinni vorið og sumarið 1997.

Til aldursákvörðunar voru teknir kvarnasýni úr hrognkelsum af öllum aldurskeiðum, en nokkuð er síðan aldur hrognkelsa var lesinn á stofnuninni. Hér er um að ræða verkefni sem tengist merkingunum. Á árinu voru gerðar tilraunir sem snúast um það að finna hentugustu

meðhöndlun kvarnanna fyrir lestur. Fyrstu niðurstaðna er ekki að vænta fyrr en árið 1998.

FLATFISKAR

Flatfiskagögnum var safnað allt í kringum landið í leiðangri til stofnmælinga á botnfiskum í mars líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Gögnum um flatfiska fyrir Suðurlandi var safnað í humarleiðangri Haf-rannsóknastofnunar í maí. Áður en dragnótaveiðar hófust í júlí var Faxa-flói kannaður á tveimur dragnótabátum. Gögnum um grálúðu fyrir Norð-ur- og Austurlandi var safnað í stofnmælingu úthafs-rækju. Farinn var sérstakur leiðangur til merkinga á flatfiski fyrir Suðurlandi. Hafnar voru rannsóknir á flatfiskaungviði á grunnslóð. Einnig voru tekin sýni úr afla fiskiskipa víða við landið eftir því sem ástæða þótti til.

Grálúða

Mældar voru um 5.600 grálúður, þar af 3.100 kvarnaðar, í leiðöngrum rannsóknarskipa. Í sérstöku samstarfsverkefni um grálúðurannsóknir (SUG) mældu sjómenn um borð í veiðiskipum um 16.500 grálúður, þar af voru um 4.000 kvarnaðar. Þessu til viðbótar voru mældar úr afla veiðiskipa um 6.000 grálúður, þar af 400 kvarnaðar.

Til grundvallar veiðiráðgjöf voru öll gögn sem til eru um grálúðu skoðuð. Reiknaður var fjöldi landaðra grálúða eftir aldri, reiknuð meðal-lengd, meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri. Afli á sóknareiningu eftir aldri, tímabilum og svæðum var metin með GLM-líkani. Við mat á fiskveiðidánarstuðlum var notuð „Extended Survival Analysis“ (XSA), að-ferð sem byggir á gögnum um aldursgreindan afla og sókn og/eða afla á sóknareiningu. Gerðir voru hefðbundnir framreikningar á stofnstærð mið- að við mismunandi aflamark. Stærð grálúðustofnsins hefur minnkað á undanförunum árum og var áætlaður í sögulegu lágmarki (um 100 þúsund tonn) í upphafi árs 1997.

Skarkoli

Mældir voru um 5.800 skarkolar, þar af 1.300 kvarnaðir, í leiðöngrum rannsóknarskipanna. Úr lönduðum afla voru um 9.200 skarkolar mældir, þar af 3.500 kvarnaðir.

Til grundvallar veiðiráðgjöf voru öll gögn sem til eru um skarkola skoðuð. Skoðaðar voru lengdardreifingar úr afla eftir svæðum og tímabilum allt aftur til ársins 1986. Afli á sóknareiningu var einnig metinn eftir sömu skiptingu. Reiknaðar voru vísitölur úr stofnmælingu botnfiska og lengdardreifingar skoðaðar frá upphafi (1985). Teiknuð voru kort yfir veiðisvæði á undanförunum árum. Reiknaður var fjöldi landaðra skarkola

eftir aldri í þeim tilgangi að leggja drög að VPA-greiningu. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska benda til þess að veiðistofn skarkola hafi farið minnkandi frá því að þær hófust árið 1985 og að ekki sé að vænta sterkrar nýliðunar í veiðistofninn á næstu árum. Á síðustu árum hefur sókn í skarkola farið vaxandi, en afli á sóknareiningu minnkandi.

Sandkoli

Mældir voru um 8.100 sandkolar, þar af 800 kvarnaðir, í leiðöngrum rannsóknarskipa. Um 12.300 sandkolar voru mældir og 1.200 kvarnaðir úr lönduðum afla. Við Ingólfshöfða voru merktir 1.600 sandkolar.

Til grundvallar veiðiráðgjöf voru skoðuð öll gögn sem til eru frá síðari árum. Afli á sóknareiningu í dragnót var reiknaður allt aftur til ársins 1979 og reiknaðar voru vísitölur úr stofnmælingu botnfiska frá upphafi. Ekki var að sjá á þessum gögnum nein merki þess að sandkolastofninn þyldi ekki það veiðiálag sem á honum er. Hinsvegar er útbreiðslusvæði sandkolans frekar lítið, aflinn hefur vaxið hratt á undanförunum árum og afrakstursgeta stofnsins er óþekkt.

Skrápflúra

Kvarnaðar voru um 1.300 skrápflúrur og mældar um 39.600 í leiðöngrum rannsóknarskipa. Úr lönduðum afla voru mældar um 3.900 skrápflúrur, þar af 900 kvarnaðar. Við Ingólfshöfða og í Meðallandsbug voru merktar um 580 skrápflúrur.

Til grundvallar veiðiráðgjöf voru skoðuð öll gögn sem til eru frá síðari árum. Afli á sóknareiningu í dragnót var reiknaður allt aftur til ársins 1988 og reiknaðar voru vísitölur úr stofnmælingu botnfiska frá upphafi. Vísitölur veiðistofns skrápflúru úr stofnmælingu botnfiska benda til lítilla breytinga á stærð veiðistofnsins undanfarin sjö ár, en afli á sóknareiningu í dragnót hefur hinsvegar lækkað á síðustu árum.

Langlúra

Alls voru mældar um 5.900 langlúrur, þar af 900 kvarnaðar, í leiðöngrum rannsóknarskipa. Úr lönduðum afla voru 2.200 langlúrur mældar þar af 900 kvarnaðar. Við Ingólfshöfða og í Meðallandsbug voru merktar um 520 langlúrur.

Til grundvallar veiðiráðgjöf voru öll gögn sem til eru um langlúru skoðuð. Skoðaðar voru lengdardreifingar úr afla eftir svæðum og tímabilum allt aftur til ársins 1986. Afli á sóknareiningu var einnig metinn eftir sömu skiptingu. Reiknaðar voru vísitölur úr stofnmælingu botnfiska og lengdardreifingar skoðaðar frá upphafi (1985). Teiknuð voru kort yfir veiðisvæði á undanförunum árum. Ekki liggja fyrir nægjanleg gögn til að

meta stofnstærð langlúru. Afli á sóknareiningu er nú aðeins tæpur helmingur þess sem var er markvissar langlúruveiðar hófust árið 1987. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska benda til þess að veiðistofn langlúru hafi minnkað um allt að helming frá því að stofnmælingin hófst árið 1985. Samkvæmt lengdardreifingum úr lönduðum afla og stofnmælingu botnfiska er ekki að sjá merki um sterka nýliðun á undanförunum árum í þennan stofn. Sókn virðist umfram afrakstursgetu stofnsins, reynsla veiða sýnir að afrakstursgeta stofnsins er fremur lítil enda vex langlúran hægt.

Lúða

Mældar voru 180 lúður, þar af 105 kvarnaðar, í leiðöngrum rannsóknarskipanna. Auk þess voru 57 lúður úr lönduðum afla mældar og kvarnaðar.

Til grundvallar veiðiráðgjöf voru skoðuð öll gögn sem til eru frá síðari árum. Afli á sóknareiningu í dragnót var reiknaður allt aftur til ársins 1979 og reiknaðar voru vísitölur úr stofnmælingu botnfiska frá upphafi. Niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska og afli á sóknareiningu í dragnót gefa sterklega til kynna að ástand lúðustofnsins hafi farið ört versnandi á tímabilinu 1985-90 og að hann sé nú í mikilli lægð.

Þykkvalúra

Mældar voru um 2.600 þykkvalúrir í leiðöngrum rannsóknarskipa. Úr lönduðum afla voru 200 þykkvalúrir mældar, af þeim voru 100 kvarnaðar. Við Ingólfshöfða og í Meðallandsbug voru merktar um 270 þykkvalúrir.

Stórkjafra

Í leiðöngrum rannsóknarskipa voru mældar um 650 stórkjöftur.

LANGA, BLÁLANGA OG KEILA

Á árinu birtist lokaskýrsla um samvinnuverkefni Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga um rannsóknir á löngu, blálöngu og keilu í Norðaustur-Atlantshafi, en verkefninu lauk í árslok 1996. Það var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Þá var einnig gengið frá ritgerð um árangur aldursgreininga á þessum tegundum.

Úttekt Hafrannsóknastofnunarinnar á löngu, blálöngu og keilu gaf ekki tilefni til að vænta stórra breytinga. Allar þrjár tegundirnar voru að mestu meðafli við aðrar veiðar á íslenska hafsvæðinu. Afli löngu og keilu minnkaði frá árinu 1996. Blálönguaflinn hélt áfram að dragast saman. Samkvæmt stofnmælingu botnfiska virðist samdráttur í veiðistofni keilu hafa stöðvast. Þrátt fyrir að sóknin í keilu hafi minnkað jókst afli á sóknareiningu.

Langa, blálanga og keila hafa verið til umfjöllunar í vinnunefnd á veg-



13. mynd. Við djúpfiskarannsóknir um borð í bv. Kaldbak EA 301.

um Alþjóðahafrannsóknaráðsins, en vegna skorts á langtímagögnum hefur ekki enn tekist að meta stærð þessara stofna.

Öflun gagna er nú í föstum skorðum í söfnunaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar. Tiltölulega vel gekk að afla gagna um keilu og löngu en verr um blálöngu.

DJÚPFISKAR

Vinnu var haldið áfram við alþjóðaverkefni styrktu af Evrópusambandinu um rannsóknir á djúpfiskum, sem hófst snemma á árinu 1996. Einu af fjórum undirverkefnum var lokið á árinu og skrifuð lokaskýrsla um það. Þá voru áfangaskýrslur skrifaðar um hin undirverkefnin. Boðað var til fundar allra þátttakenda í apríl þar sem greint var frá gangi verkefnanna og aukin samvinna skipulögð.

Til að sinna verkefninu var farinn einn leiðangur í júní-júlí á bv. Kaldbaki EA 301 á hafsvæðið yfir Reykjaneshrygg (13. mynd). Í leiðangrinum var safnað miklum gögnum og er lögð áhersla á að hraða úrvinnslu. Á árinu var unnið að ýtarlegri skýrslu um niðurstöður leiðangursins.

Í grálúðurannsóknnum um haustið var einnig safnað gögnum um djúpfiska. Þá var unnið að því á árinu á vegum alþjóðaverkefnisins að skrá og tölvuvæða öll tiltæk gögn um djúpfiska, sem safnað hefur verið á

stofnuninni, allt frá árinu 1975. Loks var samin handbók fyrir fyrirhugaða gagnasöfnun í tilraunaveiðum með línu á djúpslóð.

Gulllaxveiði jókst mikið á árinu og bærust stofnuninni allmörg sýni frá veiðiskipum. Þau voru unnin upp og gulllax frá árunum 1996 og 1997 aldursáakvarðaður.

NÝJAR OG SJALDSÉÐAR FISKTEGUNDIR

Margir sjaldséðir fiskar veiddust á Íslandsmiðum og nágrenni árið 1997. Flestir komu þeir af miðunum djúpt suðvestur af Reykjanesi innan og utan 200 sjómílna markanna.

Tvær fisktegundir sem ekki hefur áður orðið vart á Íslandsmiðum voru skrásettar. Þessar tegundir eru *Macroparalepis affinis*, 23 cm fiskur af geirsílaætt, Paralepididae, sem veiddist í ágúst á djúprækjuslóð út af Vestfjörðum og fiskurinn kjáni, *Chaunax sp.*, sem er af ættbálki kjaftagelgja, Lophiformes, en til hans heyra m.a. skötuselur og sædyfli. Tveir fiskar þessarar tegundar veiddust, sá fyrri sem mældist 9,5 cm veiddist í nóvember á Sneiðinni sunnan Vestmannaeyja en hinn sem mældist 15 cm að sporði í desember á Reykjaneshrygg. Þá má nefna sægreifategund, *Gyrinomimus sp.* 45,5 cm að lengd sem veiddist í maí á grálúðuslóð vestan Víkuráls.

Af öðrum sjaldgæfum fiskum má nefna bláháf, *Prionace glauca*, 220 cm hrygnu, sem veiddist í september rúmlega 200 sjómílu suðvestur af Reykjanesi og merktan gráháf, *Galeorhinus galeus*, sem veiddist í janúar í Síðugrunnskanti. Hann hafði verið merktur í júlí 1994 við Isle of Tiree í Skotlandi (56°33'N, 06°38'V). Þetta mun vera þriðji gráháfurinn sem veiðist á Íslandsmiðum og sá fyrsti merkti. Hinir gráháfarnir veiddust árin 1911 við Grindavík og 1912 við Akurey út af Reykjavík.


Eins og undanfarin ár voru nýjar og sjaldséðar fisktegundir sem bærust stofnuninni rannsakaðar og skrásettar. Nýjar tegundir svo og þær sjaldséðustu eru varðveittar í safni Hafrannsóknastofnunarinnar.

FISKSEIÐI

Útbreiðsla fiskseiða

Athuganir á fiskseiðum voru gerðar árlega við Ísland, Austur-Grænland og í Grænlandshafi á tímabilinu frá 1970-95. Þeim hefur einkum verið ætlað að afla upplýsinga um fjölda og útbreiðslu þorsk-, ýsu-, loðnu- og karfaseiða á fyrsta ári og þar með að gefa fyrstu vísbendingu um hvers vænta megi af tilteknum árgöngum áður en aðrar upplýsingar um stærð þeirra eru tiltækar.

Árin 1996 og 1997 voru rannsóknir aðeins gerðar á einu skipi og ein-skorðaðar að mestu við hafsvæðið kringum Ísland. Af þessu hefur leitt að aðalútbreiðslusvæði karfaseiða sem er Grænlandshaf hefur ekki verið kannað.



14. mynd. A. Kvarnir notaðar til að aldursgreina seiði. Allir beinfiskar hafa þrjú kvarnapör, frá vinstri: asteriscus, sagitta og lapillus. Sagitta er stærst og notuð til að aldursgreina fullorðinn þorsk. Til að aldursgreina seiði er hins vegar notuð lapillus en í henni eru dægurhringirnir skýrastir. Kvarnirnar eru úr 50 mm, 94 daga gömlu þorskseiði. Saumnálaróddur bendir á lapillus. B. Lapillus-kvörnin (sama kvörn og í A) í 100 faldri stækkun. Búíð er að slípa kvörnina. C. Slípun er lokið og dægurhringirnir eru greinilegir (1000 föld stækkun). Ljósmyndirnar tók Björn Gunnarsson.

Helstu niðurstöður seiðatalningar ársins 1997 voru að mjög mikið var af þorskseiðum og hefur jafnhá seiðavísitala þorsks ekki mælst síðan 1984. Stærð seiðanna var í meðallagi. Vísitala ýsuseiða var í meðallagi og seiðin voru stór. Vísitala loðnuseiða var með því hæsta sem mælst hefur en seiðin voru fremur smá.

Uppruni 0-grúppu seiða




Markmið rannsókna er að auka skilning á þeim þáttum sem hafa áhrif á nýliðun og árgangastærð þorsks með því að kanna vöxt, ástand og aldurssamsetningu þorskseiða umhverfis landið. Áhersla hefur verið lögð á að setja upp aðstöðu til þess að ákvarða aldur og vöxt fiskseiða út frá dægurhringum í kvörnum (14. mynd). Út frá aldri er hægt að ákvarða hvenær klakið fór fram og er vonast til að upplýsingar um aldurs- og klakdagadreifingar í tengslum við útbreiðslu seiða muni varpa ljósi á uppruna seiðanna í tíma og rúmi. Á þennan hátt er stefnt að því að auka skilning á mikilvægi mismunandi hrygningarsvæða við landið.

Seiðum var safnað fyrir verkefnið í seiðaleiðöngurum Hafrannsóknastofnunarinnar í ágúst árin 1995-97. Alls voru aldursgreind og vaxtarmæld 710 þorskseiði frá sex svæðum á rekslóð seiðanna, frá Breiðafirði, Vestfjörðum, Húnaflóa, Norðurlandi, Langanesi og Austfjörðum.

Uppruni þorskseiða við landið

Aldur og lengd þorskseiða voru könnuð í seiðaleiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar árin 1995-97 (15. mynd).

Haustin 1994 og 1995 fór stærð seiða stigminnkandi þegar farið var réttsælis í kringum landið frá Breiðafirði (meðallengd 46-50 mm) að Austurlandi (meðallengd 26-41 mm). Sami fallandi kom fram í meðalaldri seiðanna. Elstu seiðin var að finna í Breiðafirði (meðalaldur 81-96 dagar) en þau yngstu úti fyrir Austfjörðum (meðalaldur 56-76 dagar). Því er talið að stærð seiða við Vestur-, Norður- og Austurland að haustlagi tengist fyrst og fremst aldri þeirra.



15. mynd. Aldur, meðallengd og meðal klakdagur þorskseiða við landið í ágúst árin 1995-97. Engin þorskseiði fundust út af Breiðafirði og Austfjörðum árið 1996. Aldur og lengd seiðanna miðast við 20. ágúst.

Tiltölulega lítil hluti seiðanna sem fannst út af Vestur-, Norður- og Austurlandi haustin 1995 og 1996 virtist hafa komið frá aðal hrygningarslóðvunum út af Suðvesturlandi. Gögn um hrygningartíma og aldur þorskklirfa á hrygningarslóðinni suðvestur af landinu þessi ár benda til þess að þar hafi aðalþorskklakið átt sér stað á tímabilinu frá miðjum apríl og fram í lok maí. (15. mynd) Aldursákvæðanir benda hinsvegar til þess að mikill hluti seiðanna sem fengust í seiðaleiðöngrum haustin 1995 og 1996 hafi klakist út þó nokkuð seinna eða í júní og jafnvel júlí. Þetta var sérstaklega áberandi árið 1996, en þá komu svo til öll seiði fyrir Vestur-, Norður- og Austurlandi úr klaki sem átti sér stað í júní. Líklegt er að þau séu frá staðbundinni hrygningu en ekki frá hefðbundnum aðal hrygningarsvæðum þorsksins suðvestur af landinu.

Þetta mynstur var með nokkuð öðrum hætti árið 1997 því þá var meira um stærri og eldri seiði allt í kringum landið. Aldur seiðanna sem veiddust um haustið út af Breiðafirði, Vestfjörðum og Norðurlandi benti til þess að þau hafi klakist út í apríl og maí og því getað komið frá meginhrygningarsvæðinu við Suðvesturland. Einnig var talsvert af seiðum frá þessum klaktíma fyrir austan land. Undantekningar frá þessu var að finna í Húnaflóa, en flest seiðin sem fundust þar höfðu klakist út í júní. Þá hafði hluti seiðanna sem veiddist fyrir Norður- og Austurlandi einnig klakist út í júní.

Niðurstöður þessara rannsókna benda því til þess að seiðin sem er að finna í hafinu við landið á haustin komi frá mismunandi hrygningsvæðum og að framlag aðal hrygningarsvæðisins við Suðvesturland sé mjög breytilegt frá einu ári til annars. Talið er líklegt að þau seiði sem klekjast út í júní og júlí séu frá staðbundinni hrygningu fyrir Norður- og Austurlandi. Hrygning á þessum slóðum á sér stað við mjög lágan sjávarhita (1-3 °C) sem leiðir til lengri þroskunartíma eggja og seinkunar klaks samanborið við t.d. Selvogsbanka þar sem tiltölulega hár sjávarhiti (5-7 °C) veldur því að klaktíminn er mun styttri.

FJÖLSTOFNARANNSÓKNIR

Vorið 1991 kynnti Hafrannsóknastofnunin umfangsmikla áætlun um svokallaðar fjölstofnarannsóknir fyrir sjávarútvegsherra. Meginmarkmið þessarar áætlunar var að „auka þekkingu og skilning á lífríki hafsins og stuðla þannig að skynsamlegri nýtingu auðlinda þess í vistfræðilegu tilliti“. Fyrir tilstilli ráðherra og Alþingis runnu sérstakar fjárveitingar til þessara rannsókna næstu árin, en upphaflega áætlun náði til tímabilsins 1992-95. Auk þess var sérstök fjárveiting fyrir árið 1996 til úrvinnslu gagna. Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar skipaði nefnd sex sérfræðinga, svokallað „fjölstofnaráð“, til að fara með heildarstjórn þessa

verkefnis. Heildarfjárveiting til fjölstofnarannsóknna tímabilið 1992-96 nam um 300 milljónum króna.

Á þessu tímabili hefur mikið starf verið innt af hendi af fjölmörgum starfsmönnum Hafrannsóknastofnunarinnar, en auk þess hafa vísindamenn við Háskóla Íslands og Veðimálastofnun tekið virkan þátt í þessu verki. Fyrsta uppskera rannsóknanna var kynnt haustið 1996 á tveggja daga ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík. Efni ráðstefnunnar, 33 vísindaritgerðir, var síðan birt í Fjölríti Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 57 sem kom út í september 1997.

Með þessu riti lauk þeim afmarkaða þætti fjölstofnarannsóknna sem hófst árið 1992. Ýmsum þeim rannsóknum sem sinnt hefur verið sem sérverkefnum innan vébanda fjölstofnarannsóknna mun verða sinnt í almennu rannsóknastarfi Hafrannsóknastofnunarinnar á næstu árum. Loks munu fyrirliggjandi niðurstöður væntanlega leiða til nýrra verkefna á sviði fjölstofnarannsóknna.

STOFNMÆLING BOTNFISKA Á ÍSLANDSMIÐUM

Stofnmæling botnfiska í mars (SMB)

Meginmarkmið þessa verkefnis er að meta stærð botnlægra fiskstofna, einkum þorsks, með aukinni nákvæmni og treysta þannig vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnar.

Prettáandi leiðangur verkefnisins var farinn 5.-25. mars og voru teknar 533 stöðvar allt umhverfis land niður á 500 m dýpi. Fjórir togarar voru leigðir fyrir þennan leiðangur: Bjartur NK 121, Brettingur NS 50, Múlaberg ÓF 32 og Rauðinúpur ÞH 160. Þátttakendur í leiðangrinum voru 60 togarasjómenn og 20 starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Skráðar tegundir fiska og hryggleysingja í leiðangrinum reyndust 74 talsins eða alls um 564 þúsund dýr. Lengdarmæld var 71 fisktegund, alls 202 þúsund fiskar, þar af 48 þúsund þorskar, 34 þúsund ýsur, 36 þúsund karfar, 21 þúsund skrápflúrur og 20 þúsund steinbítar. Kvörnum til aldursgreininga var safnað af 12 tegundum, þar á meðal þorski, ýsu og ufsa, alls 9.145 kvarnasýni. Nokkrar fisktegundir voru vigtaðar einkum þorskur, ýsa og ufsi. Flestir kvarnaðir fiskar þessara tegunda voru einnig vigtaðir óslægðir og slægðir auk þess sem lifur var vegin. Helstu tegundir bráðar voru greindar, fjöldi dýra ákvarðaður og magn vegið, og fiskbráð og rækja lengdarmæld. Fæðusýnum var safnað úr kvörnuðum þorski, samtals úr 4.170 þorskum og er það liður í sérstakri rannsóknáætlun um fjölstofnarannsóknir. Smáþorski og sandkóla var sem fyrr safnað á fjórum svæðum til mælinga á mengandi efnum.

Verkefnið hefur það markmið að gera stofnmatið nákvæmara, einkum þorsks og er allt skipulag þess miðað við fyrirliggjandi þekkingu á

lífsháttum þorsksins. Þrátt fyrir það gefa gögn sem safnast hafa í leiðöngurum undanfarinna ára gagnlegar niðurstöður um stofnþróun ýmissa annarra mikilvægra nytjastofna eins og ýsu og gullkarfa, en einnig varðandi nokkra smærri stofna eins og steinbít, lúðu, keilu og skrápflúru. Vægi togararallsins í mati á ástandi nytjastofna er því töluvert og hefur farið vaxandi með árunum.

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH)

Markmið verkefnisins er að meta stærð botnlægra fiskstofna, einkum grálúðu, djúpkarfa, gullkarfa og þorsks, og treysta með því þann vísindalega grundvöll sem fiskveiðistjórnunin byggir á. Á árinu 1997 var annar leiðangurinn farinn og auk rannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar var togarinn Brettingur NS leigður til verksins. Fyrirhugað var að leigja tvö skip til verkefnisins, en ekki tókst nú frekar en árið 1996 að afla tilskilins fjármagns til þess, og varð því að minnka rannsóknasvæðið og sleppa stórum svæðum fyrir Suðurlandi. Á árinu kom út skýrsla (Fjölrít Hafrannsóknastofnunarinnar nr. 61), þar sem gerð er grein fyrir gagnasöfnun og helstu niðurstöðum stofnmælingar ársins 1996.

Í leiðangrinum 1997 voru teknar um 300 stöðvar umhverfis landið niður á 1.500 metra dýpi og að miðlínu milli Íslands og Grænlands annars vegar og Íslands og Færeyja hins vegar. Allt skipulag verksins var með svipuðum hætti og í „Stofnmælingu botnfiska í mars“ (SMB), en teknar voru færri stöðvar. Þess er ekki að vænta að niðurstöðurnar nýtist að fullu við fiskveiðiráðgjöf stofnunarinnar fyrr en að nokkrum árum liðnum.

Netarall (SMN)

Vorið 1996 var byrjað á langtímaverkefninu „Stofnmæling hrygningarþorsks með þorskanetum“ (SMN), sem í daglegu tali gengur undir heitinu „netarall“.

Langtímamarkmið rannsóknanna er að bæta mat á stærð hrygningarstofns þorsks, en til skamms tíma er markmiðið að reikna út vísitölur yfir þorskafli á sóknareiningu með þorskanetum, til að geta metið breytingar á göngum hrygningarþorsks á ýmsum hefðbundnum netaveiðisvæðum. Einnig mun gagnasöfnunin auka þekkingu á ýmsum líffræðilegum þáttum, t.d. aldurs- og lengdarsamsetningu kynþroska hluta þorskstofnsins og breytileika í þessum þáttum milli mismunandi möskvastærða, svæða og ára.

Leiðangrar vegna verkefnisins voru farnir í mars og apríl 1997. Leigðir voru fimm yfirbyggðir netabátar með fullri áhöfn. Athafnasvæðið náði frá Bjargtöngum á Vestfjörðum að Hvítungum á Suðausturlandi. Stöðvar voru aðeins settar niður á þekktum hrygningarsvæðum þorsks vegna þess að

athuganirnar miðast við kynþroska þorsk á hrygningartíma. Við veiðarnar voru notuð net með mismunandi möskvastærðum (6, 7, 8 og 9 tommur). Hver bátur var með um 120 net sem voru lögð og dregin nokkrum sinnum. Heildarfjöldi stöðva var 221 og umvitjaðra neta 2.820. Heildarafli yfir allt svæðið var um 680 tonn miðað við landaðan afla. Meðalafli á net miðað við landaðan afla á öllum svæðum var 241 kg.

1. tafla. Landaður afli af kynþroska og ókynþroska þorski í netaralli vorin 1996 og 1997 eftir svæðum (tonn). Einnig kemur fram fjöldi stöðva, heildarfjöldi neta, og meðalafli (kg/net).

| Svæði | Fjöldi stöðva | | Fjöldi neta | | Þorskur (tonn) | | Meðalafli/net(kg) | |
|-------------------------------|---------------|------|-------------|-------|----------------|------|-------------------|------|
| | 1996 | 1997 | 1996 | 1997 | 1996 | 1997 | 1996 | 1997 |
| Breiðafjörður | 47 | 49 | 564 | 588 | 82 | 130 | 145 | 221 |
| Faxaflói | 50 | 47 | 600 | 564 | 55 | 81 | 92 | 144 |
| Selvogsbanki - Eyrarbakki | 48 | 51 | 576 | 612 | 85 | 225 | 147 | 367 |
| Þrídrangar - Skeiðarárdjúp | 27 | 26 | 480 | 480 | 137 | 131 | 285 | 272 |
| Meðalland - Hvítingar | 50 | 48 | 600 | 576 | 196 | 113 | 326 | 196 |
| Alls | 222 | 221 | 2.820 | 2.820 | 554 | 680 | 196 | 241 |

Eins og 1. tafla sýnir jókst landaður afli af þorski í þessum leiðöngrum úr um 550 tonnum 1996 í 680 tonn árið 1997. Meðalafli á net jókst úr 196 kg árið 1996 í 241 kg árið 1997, en það er um 23% aukning.

HVALARANNSÓKNIR

Undanfarin ár hafa hvalarannsóknir stofnunarinnar einkum beinst að þeim tegundum, sem talist hafa til nytjahvala á síðari árum, þ.e. hrefnu, langreyði og sandreyði. Auk þessara tegunda var á árinu lögð mikil áhersla á rannsóknir á hnísu og hnýðingi sem hluta af fjölstofnarsóknunum stofnunarinnar, en einnig var unnið að því að nýta fyrir- liggjandi gögn um sjávarspendýr í fjölstofnalíkönunum. Þá var haldið áfram sérstökum rannsóknaverkefnum um hnúfubak og háhyrning ásamt nýju verkefni um steypireyði.

Fremur lítið var um gagnasöfnun á árinu og mest áhersla lögð á úrvinnslu gagna sem safnað hefur verið á undanförunum árum. Engar hvalveiðar voru stundaðar frá Íslandi árið 1997 og því ekki um að ræða öflun nýrra gagna úr veiði á árinu. Safnað var ljósmyndum af háhyrningum við Vestmannaeyjar og steypireyðum út af Snæfellsnesi. Áfram var haldið söfnun hnísu og hnýðinga sem drepist höfðu í netum einkum við Norðurland. Fylgst var með hvalrekum og sýni tekin þar sem því var við komið. Stofnunin hafði forgöngu um útvegum sýna fyrir erlenda



16. mynd. Langreyður að blása (ljósmynd Gísli Víkingsson).

vísindamenn. Sérfræðingar stofnunarinnar tóku þátt í störfum vísindanefndar Norður-Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO), og störfuðu innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

HVALATALNINGAR

Á undanförunum áratug hefur Hafrannsóknastofnunin tekið þátt í þremur fjölpjöldlegum hvalatalningum á Norður-Atlantshafi (NASS-87, NASS-89 og NASS-95). Talningarnar eru liður í almennu eftirliti með ástandi hvalastofna í austanverðu Norður-Atlantshafi og hafa gjörbylt þekkingu okkar á stofnstærðum hvala hér við land. Árið 1996 var sérstakri vinnunefnd á vegum vísindanefndar NAMMCO falið að samhæfa útreikninga á stofnstærðum hvala samkvæmt niðurstöðum þessara talninga og meta stofnstærðir fyrir helstu tegundir nytjahvala samkvæmt talningunum 1995. Vinnunefndin fundaði í Reykjavík í febrúar 1997 og skilaði skýrslu til Vísindanefndar NAMMCO. Samkvæmt niðurstöðum hvalatalninganna 1995 voru um 72.000 hrefnur í svokölluðum Mið-Norður-Atlantshafsstofni, þar af um 56.000 dýr á íslenska landgrunnssvæðinu. Um 19.000 langreyðar voru á svokölluðu A-Grænlands-Íslands stofnsvæði. Talningarnar 1995 voru ekki taldar ná eins vel og eldri talningar til útbreiðslusvæðis sandreyðar og grindhvals. Því er stofnmatið sem byggist á talningum frá 1989 (10.600 sandreyðar og 778.000 grindhvalir) talið betra fyrir þessar tvær tegundir.

Ár hnúfubaksins

Úrvinnslu gagna sem safnað var vegna verkefnisins „Ár hnúfubaksins á Norður-Atlantshafi“ (YONAH 1992-93) var fram haldið. Niðurstöður afmarkaðra hluta þessara rannsókna hafa birst í ýmsum tímaritum á

undanförnum tveim árum. Þær hafa meðal annars staðfest fyrri athuganir að vetrarstöðvar íslenskra hnúfubaka eru í Karíbahafi og sýnt fram á far einstaklinga sem nemur allt að 10.000 km. Stofnstærðarmat byggt á erfðafræðilegri greiningu einstaklinga og merkinga/endurheimtu-aðferð bendir til að um 7.700 hnúfubakar séu að meðaltali á vetrarstöðvunum í Karíbahafi.

Háhyrningar á síldarmiðum

Frá árinu 1984 hafa farið fram langtímarannsóknir á háhyrningum á síldarmiðunum að haustlagi austan og suðaustan við landið. Markmið þeirra er m.a. að meta fjölda háhyrninga á þessum slóðum, þátt þeirra í afráni á síld við Ísland, kanna uppbyggingu stofnsins í hjarðir auk mats á ýmsum líffræðilegum upplýsingum s.s. aldri, kynþroska og viðkomu-hraða. Til að greina einstaklinga eru þeir ljósmyndaðir. Á árunum 1994-95 var sýnataka eflg og hafa nú alls greinst um 400 einstaklingar frá upphafi. Ekki voru farnir sérstakir ljósmyndaleiðangrar á síldarmiðin haustin 1996 og 1997. Sumarið 1997 var farinn leiðangur til ljósmyndunar á háhyrningum við Vestmannaeyjar, og var það fyrsti leiðangurinn utan hefðbundins rannsóknasvæðis á síldarmiðunum að haustlagi. Talsvert var um háhyrninga við Eyjarnar en ekki er enn ljóst hvort þar voru á ferð sömu hópar og halda sig við Austfirði á haustin þar sem greiningu mynda er ekki lokið.

Hvalreki

Stofnunin fylgist jafnan með fregnum af reknum hvölum eða hvölum er ganga lifandi á land, enda er það oft eini möguleikinn til að afla gagna um líffræði viðkomandi tegundar. Eftir því sem unnt reynist fara starfsmenn stofnunarinnar á vettvang og eru þeim fjölmörgu einstaklingum, sem sent hafa upplýsingar um hvalaströnd á árinu færðar þakkir fyrir. Jafnframt skal vakin athygli á mikilvægi þess að fréttir af þessu tagi berist stofnuninni fljótt, svo unnt sé að skoða dýrin í sem ferskustu ástandi.

- 15. apríl 1997 fannst búrnhvalur sem rekið hafði á fjöruna við Krosssand í landi Snartarstaða í Óxarfjarðarhreppi. Sýni voru tekin fyrir Haf-rannsóknastofnunina, en beinagrindin flutt á sædýrasafn í Japan. Hvalurinn var karlkyns, 13,65 m að lengd.
- 17. júní fannst búrnhvalur sem rekið hafði innan við Skreflusker í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu. Hvalurinn var töluvert rotinn og ekki vitað hvenær hann hafði rekið á land. Dýrið var karlkyns, um 15 m að lengd. Heimamenn útveguðu stofnuninni tönn til aldursgreiningar og ljósmyndir af hvalnum.
- 30. júní fór Ragnar Jakobsson til athugana á hvalshræi sem rekið hafði í

Selkleif í Reykjafirði á Ströndum. Dýrið var mjög rotið og taldi Ragnar að dýrið hefði rekið einhvern tímunn um veturinn. Þó var ljóst að hér var um búrnhval að ræða, og barst Hafrannsóknastofnuninni tönn úr hvalnum til aldursgreiningar.

- 15. ágúst fóru starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar til athugana á búrnhval sem rekið hafði við Gufuskála á Snæfellsnesi. Hræið var illa farið og því ljóst að hvalurinn hafði drepist alllöngu áður. Búrnhvalurinn reyndist vera 10,20 m langur tarfur.
- 24. ágúst fannst um 6 m löng hrefna sem skolað hafði á land við Flateyjardal við Skjálfanda. Ekki reyndist unnt að afla sýna úr skepnum.
- 19. september barst Hafrannsóknastofnuninni tilkynning um rekinn búrnhval 1-2 km vestur af Bjargósi í landi Þingeyra í Húnaþingi. Gunnar Ríkharðsson á Þingeyrum mældi hvalinn og safnaði tönnum til aldursgreiningar. Hvalurinn var búrnhvalstarfur, 14,70 m að lengd.
- Í lok september tilkynnti Tryggvi Stefánsson á Hallgilsstöðum um torkennilegt hræ sem rekið hafði á land við Flateyjardal við Skjálfanda nokkru áður. Að sögn líktist skepnan einna helst hval, en virtist þó vera loðin. Þegar starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar kom á staðinn hafði hræinu skolað út, og fékkst því enginn niðurstaða í tegundagreininguna.
- Í byrjun október rak hvalshræ í landi Bæjar á Höfðaströnd í Skagafirði. Hræið var illa farið og því erfitt til tegundagreiningar. Samkvæmt lýsingu var hér líklega um hnúfubak að ræða.
- 22. október barst Hafrannsóknastofnuninni tilkynning um hnýðing sem rekið hafði á land í fjörunni við Garðskagavita á Reykjanesi. Starfsmaður stofnunarinnar fór til sýnatöku og mælinga. Hnýðingurinn var karlkyns, 2,35 m langur.
- 20. nóvember urðu menn á Hólmavík varir við búrnhval sem synt hafði inn Steingrímsfjörð og virtist vera fastur. Fylgst var með hvalnum allan daginn en hann hreyfðist lítið sem ekkert úr stað. Vegna aðstæðna á strandstað þótti ekki gerlegt að draga hvalinn út með bátum, og var hann aflífaður um kvöldið er einsýnt þótti að hann myndi ekki losa sig af sjálfsdáðum. Hvalurinn var síðan dreginn til Húsavíkur þar sem krufning og sýnataka fór fram ásamt hreinsun beina til uppsetningar á safni. Búrnhvalurinn var karlkyns, 12,30 m að lengd. Dýr þetta var óvenjulegt að því leyti að neðri kjálkinn var brotinn af við rót. Sárið var vel gróíð, en hvalurinn þó í góðum holdum. Kjálkaleysið virðist því ekki hafa háð dýrinu mikið í fæðuöflun.
- 31. desember fundust tveir hvalir reknir á utanverðu Búlandsnesi við Djúpavog. Annars vegar var um að ræða hnýðingskú, 2,28 m langa sem

var orðin talsvert rotin. Hitt dýrið reyndist vera skugganefja (öðru nafni gáshnallur) um 6 m langt.

Erfðafræði hvalastofna

Haldið var áfram athugunum á erfðamörkum hvala með það að markmiði að varpa ljósi á stofngerð þeirra, þ.e. fjölda stofna og mörk á milli þeirra.

Úttekt á hrefnustofninum við Ísland.

Í framhaldi af umfjöllun vísindanefndar NAMMCO um hvalatalningarnar NASS-95 var nefndinni falið að gera sérstaka úttekt á ástandi Mið-Norður-Atlantshafsstofns hrefnu, en útbreiðslusvæði þessa stofns nær frá Austur-Grænlandi, um Ísland og austur fyrir Jan Mayen. Sérstök undirnefnd um veiðistjórnunaraðferðir fjallaði um málið og komst að þeirri niðurstöðu að stofninn væri nálægt sinni upprunalegu stærð og veiðar hefðu því haft lítil eða engin áhrif á hann. Jafnvel þótt gengið sé út frá öllum svartsýnustu forsendum um stofnstærð, stofnamörk og tímgunarhraða sýndu útreikningar lítil sem engin áhrif veiða undanfarinna áratuga hér við land.

Rannsóknir á steypireyði

Á árinu tókst samstarf við kanadíska vísindamenn um rannsóknir á steypireyði hér við land. Rannsóknir þessar miða einkum að því að kanna far tegundarinnar með greiningu einstaklinga hér við land og við strendur Norður Ameríku. Til greiningar einstaklinga eru notaðar ljósmyndir ásamt erfðagreiningu húðsýna. Á tímabilinu 7.-21. júlí 1997 var safnað húðsýnum úr 12 steypireyðum vestur af Snæfellsnesi og um 30 einstaklingar voru ljósmyndaðir. Greining þessara gagna fer fram í Kanada og er stefnt að frekari gagnasöfnun á næstu árum.

Fæða og líffræði smáhvala

Sem hluti af fjölstofnarannsóknnum Hafrannsóknastofnunarinnar var á árunum 1992-95 gert sérstakt átak í rannsóknnum á smáhvöllum sem drepist höfðu í veiðarfærum. Gagnasöfnun, sérstaklega hvað varðar hnísu, varð mun umfangsmeiri en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi og varð úrvinnsla gagnanna því að sama skapi tímafrek. Langstærstur hluti gagnanna kom frá SV- og SA-hornum landsins og var söfnun því haldið áfram frá öðrum landshlutum, þar sem vísbendingar voru um töluverðan breytileika eftir tíma og hafsvæðum. Á árinu 1997 var safnað 82 hnísum, einkum út af norðanverðu landinu.

Frumniðurstöður úr verkefninu benda til að loðna sé yfirgnæfandi þáttur í fæðu hnísunnar síðari hluta vetrar og fram á vor, en síli sé ríkjandi tegund í fæðunni á haustin. Aðrir mikilvægir fæðuhópar voru þorskfiskar

og smokkfiskar. Athuganir á aldri, vexti og kynþroska hnísu og hnýðings hér við land eru á lokastigi og er reiknað með að niðurstöður birtist á árinu 1999.

Fjölstofnalíkön

Á árinu var fram haldið rannsóknnum á vistfræðilegu samspili sjávarspendýra og nytjafiska. Þótt óvissuþættir séu stórir, liggja fyrir vísbendingar um að afrán sjávarspendýra geti haft umtalsverð áhrif á langtímaafrakstur þorskstofnsins. Mikilvægustu óvissuþættirnir varða hrefnustofninn, einkum fæðuval og framtíðarþróun stofnsins. Því er mikilvægt að halda áfram þessum rannsóknnum svo minnka megi óvissuna í útreikningunum.

VEIÐARFÆRARANNSÓKNIR

Í febrúar voru gerðar tilraunir með smárækjuskilju og hún skoðuð með neðansjávarmyndavél í leiðangri rs. Drafnar. Í maí fóru fram tilraunir með smáhumarskilju um borð í sama skipi.

Íslenska smáfiskaskiljan „stundaglasíð“ var prófuð um borð í fjórum fiskiskipum á árinu og þeim rannsóknnum verður haldið áfram á árinu 1998.

Í október og nóvember var fylgst með tilraunum til að veiða síld í flotvörpu við Austurland og reynt að meta hversu mikið smug væri gegnum möskva vörpunnar. Smáriðin skjóða var fest á belginn þar sem hætta var talin á að smug ylli skaða á síldinni sem smygi. Talið er að halda þurfi þessum tilraunum áfram en bráðabirgðaniðurstöður hafa verið kynntar Sjávarútvegsráðuneytinu, á Hafrannsóknastofnuninni og á fundi hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Reiknideild

Modelling Division

Starfsfólk reiknideildar þróar líkön og aðferðir við stofnmat, og tekur þátt í starfsemi við ráðgjöf um nýtingu fiskstofna. Starfsmenn deildarinnar sóttu fundi um ráðgjöf og um aðferðafræði við útreikninga á stærð fiskistofna.

Deildin tekur þátt í samstarfi innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins um svokallaða heildarúttekt á fiskstofnum og veiðum („Comprehensive Assessment“), en þessari vinnu er að miklu leyti stýrt á reiknideildinni. Þarna hefur verið hafist handa við að þróa aðferðafræði við fiskveiðiráðgjöf og nýtingaraðferðir, þar sem byggt er á alþjóðlegum samþykktum

s.s. úthafsveiðisamningi Sameinuðu Þjóðanna og alþjóðlegum reglum um umgengni við auðlindir sjávar. Einn stofnanna sem tekinn er fyrir er íslenski ýsustofninn og hefur nokkuð verið unnið að forvinnslu vegna þeirrar úttektar. Áherslan hefur í því sambandi verið lögð á aðferðir til að finna orsakir þess að ýsa verður stundum snemma kynþroska.

Fiskveiðiráðgjöf

Skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar með tillögum um leyfilegan hámarksafla (Fjölrit nr. 56) var að vanda kynnt í lok maí. Ráðgjöfin er unnin á vegum sérstakrar verkefnisstjórnar en auk hennar starfa fjölmargir starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar að rannsóknum og úrvinnslu, sem tengist ráðgjöfinni.

Verk nefndarinnar var að mestu með hefðbundnu sniði, og var að vanda lögð áhersla á að nýta veiðiskýrslur fiskiskipa við ráðgjöfina. Gögn um afla og sókn flestra veiðarfæra eru skoðuð enda hafa skýrslurnar verið fylltar út af mestöllum flotanum í allmörg ár eða frá árinu 1991.

Ráðgjöfin sjálf er kynnt í Fjölriti nr. 56. Nokkrar nýjungar er að finna í ritinu og er það í samræmi við þróun aðferða héraendis og erlendis, þótt að mestu sé um hefðbundna aðferðafræði að ræða. Sérstaklega hefur þó þurft að leiðrétta aðferðir við mat á ufsastofninum því þar virðist koma fram kerfisbundið ofmat á stofnstærð. Nokkuð fjölgar tegundum í skýrslunni og er stefnt að því að skýrslan taki til allra tegunda sem eru markvisst veiddar á Íslandsmiðum.

Stofnmat og ráðgjöf fyrir allmargar tegundir er tekið til umfjöllunar á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Má nefna þorsk, ufsa, grálúðu, karfa, síld og loðnu. Er hafður sá háttur á að frumgögn eru tekin saman héraendis og kynnt vinnuhópi á vegum ráðsins og í sumum tilvikum eru kynnt drög að stofnmati. Vinnuhópurinn fer yfir gögn og kemst að niðurstöðu um stofnmat sem fer í skýrslu hópsins. Sú skýrsla fer sem innanhússplagg til ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins, sem fer aftur yfir forsendur og niðurstöður. Niðurstaða ráðgjafarnefndarinnar kemur fram sem ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Hafrannsóknastofnunin tekur síðan við þessum niðurstöðum, fer yfir forsendur ráðgjafarinnar og byggir sína ráðgjöf á niðurstöðum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Afar sjaldgæft er að nokkru muni á endanlegri ráðgjöf, þó slíkt geti gerst ef fram koma nýjar upplýsingar í millitíðinni.

Bormicon

Á árinu 1997 var haldið áfram vinnu við þróun svonefnds BORMICON líkans (a Boreal Migration and Consumption Model). Haustið 1997 komu út þrjú fjölrit sem lýsa líkaninu, forsendum þess og notkun til að lýsa samspili þorsks og loðnu á Íslandsmiðum. Á ráðstefnu í Anchorage í október 1997 voru kynntar tvær greinar um líkanið.

Á árinu var líkanið notað til að lýsa úthafsfrækjustofninum og áhrifum þorsks á hann. Stofnanir og háskólar erlendis hafa sýnt líkaninu talsverðan áhuga og starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar í Bergen dvaldi hér í mánaðar tíma haustið 1997 til að kynna sér það.

Útibú Hafrannsóknastofnunarinnar

Branch Laboratories

Tilraunaeldisstöðin á Stað

Starfsemi stöðvarinnar var að mestu bundin við eldisrannsóknir á þorski. Gerðar voru klakrannsóknir í stöðinni sem hluti af verkefninu „Þorsklak- og hrygningarrannsóknir“ sem fjallað er um frammar í þessari skýrslu. Þá fékk Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum aðstöðu í stöðinni til að rannsaka ónæmisfræði þorsks. Ennfremur lauk nemandi í sjávarútvegsfræði við Háskóla Íslands verkefni sem framkvæmt var í stöðinni varðandi eldi á þykkvæluru.

Þorskseiði

Haldið var áfram að þróa aðferðir til að fjöldaframleiða þorskseiði. Ýmsar breytingar sem voru gerðar á framleiðsluaðferðum skiluðu ekki árangri og seiðaframleiðslan misfórst því á fyrri hluta vertíðarinnar. Undir lok vertíðarinnar tókst loks að framleiða rúmlega 6.000 seiði. Í besta hópnum lifðu 10% seiðanna frá klaki að 1g í stað 5% árið áður. Verkefnið var styrkt af Rannís.

Tvær tilraunir voru gerðar þar sem könnuð voru áhrif hitastigs á lífslíkur og vaxtarhraða þorsklirfa. Fimmtán og 30 daga gamlar lirlfur voru aldar við 4, 8, 12 og 16°C í tvær vikur. Niðurstöðurnar benda til að kjörhiti til vaxtar fari hækkandi með stærð á lirlfu- og seiðastigi. Lífslíkur lirlfanna voru hins vegar mestar við 8°C hjá báðum stærðarhópunum.

Gerðar voru rannsóknir á sjálfráni hjá þorsklirfum og -seiðum. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að kanna stærðarsamband afræningja og bráðar. Niðurstöðurnar benda til að hámarksstærð bráðar sé um helmingur af lengd afræningja.

Gerðar voru óformlegar tilraunir til þess að klekja út og fóðra loðnulirlfur í stöðinni. Nokkur seiði lifðu í 100 daga og voru þá um 25 mm löng.

Fæðuskortur þorsks

Hafnar voru svelttilraunir með eins árs gamla eldisþorska. Tilgangurinn var að kanna áhrif fæðuskorts á vaxtarhraða, holdastuðul, lifrarstuðul og stærð kynkirtla. Tveir hópar voru aldir í eitt ár á fullu fæði en tveir hópar á

um hálfu fæði. Fóðrað var með þurrfóðri og hitastigi haldið stöðugu við 7°C. Mjög mikill munur varð á vaxtarhraða, holdastuðli og lifrarstuðli, en þessir stuðlar hafa verið notaðir sem mælikvarðar á næringarástand þorsks. Sveltið kom ekki í veg fyrir kynþroska hjá meiri hluta fiskanna.

Sæeyra

Gerðar voru rannsóknir á áhrifum hitastigs á vaxtarhraða og fóðurnýtingu hjá rauðu sæeyra. Rannsóknirnar voru gerðar í samvinnu við Sæbýli hf og fóru þær fram í eldisstöð Sæbýlis í Vogum. Í tilrauninni voru fimm stærðarhópar (18, 27, 43, 61 og 94 mm) aldir við fimm mismunandi hitastig (11, 12, 14, 16 og 18°C) í sex mánuði. Niðurstöðurnar benda til að kjörhitinn fari hækkandi með aukinni stærð dýranna og nái hámarki þegar þau verða kynþroska (4-5 cm í þvermál) en lækki síðan aftur með aukinni stærð. Það var ákveðið að endurtaka tilraunina við talsvert hærri hita (14-22°C) til að staðfesta fyrri niðurstöðu og hófst sú tilraun í febrúar 1998. Verkefnið er styrkt af Sjávarútvegsráðuneytinu.

Hafrannsóknastofnunin vinnur einnig að kynbótum á rauðu sæeyra í samvinnu við Sæbýli hf og Stofnfisk hf. Markmið verkefnisins er að kanna þátt erfðabreytileika í mikilvægum eiginleikum svo sem vaxtarhraða, aldri við kynþroska, lífsþrótti og hlutfalli skeljar af heildarþyngd. Stofnaðar hafa verið 100 fjölskyldur af árgangi 1996 og 118 fjölskyldur af árgangi 1997. Niðurstöður úr fyrri árganginum liggja nú fyrir og lofa góðu. Arfgengi fyrir lengd við 17 mánaða aldur gefur góðar vonir um að lækka megi framleiðslukostnað með kynbótum. Á þessu ári og næsta verður hægt að gera kynbótaáætlun og spá fyrir um framfarir á næstu árum. Verkefnið er styrkt af Rannís og Sjávarútvegsráðuneytinu.

Sandhverfa

Haldið var áfram að safna sandhverfu til viðhalds á hrygningarstofninum í stöðinni. Nokkur afföll urðu í stofninum árin 1995 og 1996 og því hefur fjöldi fiska ekki aukist sem skildi. Þá hefur það valdið vonbrigðum hve erfiðlega hefur gengið að fá hrogn til fjölgunartilrauna. Það var einungis árið 1995 að hrogn fengust. Seiði sem tókst að klekja út þá eru nú orðin um 2 kg og eru vonir bundnar við að þessir fiskar gefi hrogn á komandi sumri. Þrátt fyrir að erfiðlega hafi gengið með sandhverfuna þykir rétt að halda áfram tilraunum með þessa verðmætu eldistegund og eru sjómenn hvattir til þess að koma áfram með lifandi sandhverfu að landi til að styrkja stofninn í stöðinni.

Ígulker

Markmið þessa verkefnis var að þróa tæknilegar lausnir fyrir um-

